



Borgarráð

Skil starfshóps um mótun stefnu og tillagna um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum

Lögð er fram skýrsla starfshóps um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Meðfylgjandi er greinargerð starfshópsins ásamt viðaukum.

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur starfshópsins, sem á eftir fara.

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að ganga til endurnýjunar samninga við sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla á grundvelli skýrslu starfshópsins og eftirfarandi tillagna:

- Tillaga að framtíðarsýn Reykjavíkurborgar sem byggir á Græna planinu, menntastefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og styrkjareglum borgarinnar. Í þessari framtíðarsýn gegna sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar mikilvægu hlutverki í að efla framkvæmd markmiða menntastefnu borgarinnar m.a. hvað varðar eftirtalin atriði:

Að auka fjölbreytni í skólastarfi í borginni og fjölga valkostum fyrir foreldra/forsjáraðila varðandi menntun barna.

Að auka framboð og gæði leik- og skólastarfs í borginni gagnvart fjölbreytileika mannlífs.

Að skapa aukið jafnræði fyrir foreldra og nemendur um val á skólum í borginni.

Að stefna að því til lengri tíma að skapa möguleika fyrir einkaaðila að hafa rekstur leik- eða grunnskóla í húsnæði borgarinnar á sömu kjörum og borgarreknir skólar.

- Tillaga um að tekið verði upp stafrænt innskráningarkerfi fyrir alla leikskólaþjónustu og alla grunnskólaþjónustu í borginni, sbr. meirihlutasáttmáli. Forgangur reykvískra nemenda í laus pláss verði tryggður. Málefnaleg sjónarmið ráði því hvaða börn og nemendur hafi forgang og inntökureglur mega ekki fela í sér mismunun eða ganga á svig við stefnumótun borgarinnar.
- Tillögur varðandi endurskoðun á framlögum og rekstrarskilyrðum sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla sem miða að því að auka fyrirsjáanleika, gagnsæi, jafnræði og stöðugleika í rekstri þeirra til lengri tíma og gera þeim kleift að haga starfi sínu í samræmi við lög, reglugerðir, kjarasamninga, Græna planið og menntastefnu Reykjavíkurborgar.
- Tillaga um afnám skólagjalda í grunnskólum til að skapa jafnræði fyrir foreldra og nemendur um val á grunnskólum í borginni.
- Tillaga um samræmingu gjaldskráa sjálfstætt starfandi leikskóla og borgarrekinna leikskóla til að skapa aukið jafnræði foreldra við val á leikskólum í borginni.
- Tillaga um að setja skorður við útgreiðslu arðs með ákvæðum um að rekstrarafgang hjá sjálfstætt reknum leikskólum sem leiðir af opinberum framlögum skuli nýta til að efla



leikskólastarf og hlutaðeigandi skóli skuli gera grein fyrir nýtingu hans, sbr. meirihluta-sáttmáli. Fylgt verði eftir sambærilegu ákvæði hjá sjálfstætt rekrum grunnskólum.

Heildarsamhengið í tillögunum hér að ofan er að tryggja sjálfstætt rekrum (grunn)skólum sömu rekstrarframlög og borgarreknir grunnskólar, taka upp samræmda inntöku barna/nemenda og tryggja að rekstrarafgangur verði nýttur í þróun skóla um leið og skólagjöld verði lögð af.

- Tillaga um aukinn stuðning til sjálfstætt starfandi skóla við byggingu eða breytingu á skólahúsnæði og kynnt til leiks sú framtíðarsýn að sjálfstætt starfandi skólar verði með starfsemi sína í húsnæði í eigu borgarinnar.
- Tillaga um eflingu alþjóðadeilda og aukið framboð á alþjóðlegu skólastarfi til að koma til móts við þau börn sem hentar það námsumhverfi, s.s. börn í fjölskyldum erlendra íbúa í Reykjavík eða börn Íslendinga sem vinna að staðaldri erlendis en hafa tímabundna búsetu í Reykjavík. Mikilvægt að efla samkeppnishæfni borgarinnar að þessu leyti, sbr. meirihlutasáttmáli.
- Tillaga um aukið faglegt eftirlit og aukið fjárhagslegt eftirlit. Starfshópurinn byggir tillögur sínar í þessum efnum á ráðgjöf og úttekt Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn minnir á að útvistun á grunnskóla- og leikskólaþjónustu breytir ekki því að borgin ber í raun víðtæka ábyrgð á starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í borginni.

Starfshópurinn leggur til að Reykjavíkurborg gefi sjálfstætt starfandi skólum tækifæri til að leigja laust skólahúsnæði borgarinnar eða eftir atvikum annað hentugt húsnæði borgarinnar undir starfsemi sína áður en slíku húsnæði er ráðstafað til annarra verkefna eða selt. Leiga verði á sömu kjörum og borgarreknir skólar njóta. Lagt er til að Eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs verði falin nánari útfærsla á þessari tillögu.

Starfshópurinn leggur ennfremur til að virkjað verði ákvæði 43. gr. grunnskólalaga um stofnframlög til sjálfstætt starfandi skóla vegna byggingar skólans á nýju húsnæði eða endurbóta á eigin eldra húsnæði með setningu reglna sem byggja á gagnsæi og jafnræði milli skólanna og fjárhagslegum forsendum sem fjárhagsáætlun borgarinnar setur hverju sinni. Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falin útfærsla á tillögu um stofnframlög í næstu fimm ára áætlun.

Greinargerð:

Starfshópurinn var skipaður var af borgarráði þann 3. febrúar 2022.

Í skýrslu starfshópsins eru settar fram tillögur um framtíðarsýn, markmið og aðgerðir hvað varðar aðkomu borgarinnar að starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.

Starfshópurinn hefur kynnt sér óskir samtaka sjálfstætt starfandi skóla (SSSK) og tekið tillit til þeirra eftir föngum.

Starfshópurinn fylgir eftir tillögum sínum með drögum að þjónustusamningi sem byggir á tillögum starfshópsins og gæti verið fyrirmynd að nýjum þjónustusamningum við sjálfstætt starfandi leikskóla en þessir samningar renna út um næstu áramót. Umrædd drög að þjónustusamningi mætti síðan nota við gerð að fyrirmynd fyrir sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Þá er sérstakur viðauki með skýrslu starfshópsins um lagalegt umhverfi sjálfstætt starfandi skóla sem er afar gagnlegur fyrir þá sem vilja kynna sér málið á dýptina.



Reykjavíkurborg

Tillögur starfshópsins eru vel rökstuddar í stuttum greinargerðum með hverri tillögu. Tillögum sem varða endurskoðun á framlögum borgarinnar og samræmingu á skólagjöldum fylgir kostnaðarmat.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um mótun stefnu og tillagna um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum, dags. október 2022.

**SKÝRSLA STARFSHÓPS UM MÓTUN STEFNU
UM AÐKOMU REYKJAVÍKURBORGAR AÐ SJÁLFSTÆTT
STARFANDI LEIK- OG GRUNNSKÓLUM**

Október 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Helstu niðurstöður og tillögur	3
Stefnumótun	4
Gerð tillagna/reglna.....	6
Tillögur vegna leikskólaþjónustu sjálfstætt starfandi leikskóla.....	6
I. Umsókn og innritun barna í leikskóla	6
II. Framlög til leikskóla og gjaldskrár.....	7
III. Rekstrarafgangur leikskóla	9
IV. Leikskólastjórar í leikskólum og starfsfólk leikskóla	10
V. Þjónustusamningar og viðmið um aldur barna á leikskólum.....	11
Tillögur vegna grunnskólaþjónustu sjálfstætt starfandi skóla:	12
VI. Umsókn og innritun nemenda í grunnskóla	12
VII. Framlög til grunnskóla og gjaldskrár	12
VIII. Tillaga vegna alþjóðaskóla.....	16
Tillögur sem eiga við bæði sjálfstætt starfandi skóla á leik- og grunnskólastigi	16
IX. Leiga á lausu húsnæði borgarinnar	16
X. Stofnstyrkir vegna byggingar eða endurbóta á húsnæði	17
XI. Ábyrgð sjálfstætt starfandi skóla og tryggingar.....	17
XII. Fjárhagslegt eftirlit.....	18
XIII. Faglegt eftirlit.....	21
Viðauki 1: Lagalegt umhverfi sjálfstætt starfandi skóla	22
Viðauki 2: Fyrirmynd að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi skóla.....	33

Inngangur

Starfshópur um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum var skipaður af borgarráði þann 3. febrúar 2022. Í erindisbréfi starfshópsins er honum falið að móta drög að stefnu og tillögum um aðkomu Reykjavíkurborgar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum, þar sem jafnræði og gegnsæi er haft að leiðarljósi þegar kemur að aðkomu og framlögum Reykjavíkurborgar. Miðað var við að starfshópurinn væri að störfum frá 10. febrúar til 15. apríl 2022 og skilaði þá drögum að stefnu og tillögum til borgarráðs við lok starfstímabilsins. Starfstíminn var síðan lengdur til 31. maí 2022. Vegna margvíslegra ástæðna hafa skil tafist.

Í erindisbréfi starfshópsins er helstu verkefnum lýst þannig:

- *Samantekt um lagalegt umhverfi sjálfstætt starfandi skóla og ákvæði laga um þátttöku og skyldur sveitarfélaga, þ.m.t. um stofnkostnað og rekstur húsnæðis sjálfstætt rekinna skóla, séu slíkar skyldur fyrir hendi.*
- *Samantekt um núverandi framkvæmd og ákvæði í þjónustusamningum Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi skóla.*
- *Mótun stefnu um heildstæða nálgun Reykjavíkurborgar um húsnæðismál sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla sem eru reknir á grundvelli þjónustusamnings við Reykjavíkurborg.*
- *Gerð tillagna/reglna um aðkomu Reykjavíkurborgar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum þar sem horft verði til þjónustusamninga, fjárframlaga, húsnæðismála, stofnstyrkja, leigusamninga, eftirlits sem og annarra þátta sem máli kunna að skipta í þessu samhengi þar sem jafnræði og gegnsæi sé haft að leiðarljósi.*
- *Eftir atvikum, kostnaðarmat sviðsmynda/tillagna.*

Starfshópurinn hefur í vinnu sinni stuðst við úttekt Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (hér eftir IER) á sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum sem kom út í mars sl. og nýtt sér með beinum hætti margar af ábendingum og tillögum í úttekt IER.

Í starfshópnum eru: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs (SFS), formaður, Guðrún Sigtryggsdóttir, yfirlögfræðingur SFS, Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri SFS, Anna Guðrún Árnadóttir, lögmaður hjá borgarlögmanni og Jón Valgeir Björnsson, verkefnastjóri, eignaskrifstofu, fjármála- og áhættustýringarsviði. Með hópnum hefur starfað Birgir Björn Sigurjónsson, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Þá hefur Haukur Þór Haraldsson, fjármálasérfræðingur á skrifstofu fjármála og upplýsingatækni, SFS, aðstoðað starfshópinn við gagnaöflun. Fyrri hluta starfstímans starfaði Guðný María Jóhannsdóttir, sérfræðingur á atvinnuþróunardeild SBB, með starfshópnum.

Helstu niðurstöður og tillögur

Í skýrslu starfshópsins eru settar fram tillögur um framtíðarsýn, markmið og aðgerðir hvað varðar aðkomu borgarinnar að starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla. Í viðauka 1 er fjallað sérstaklega um lagalegt umhverfi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla. Í viðauka 2 eru sýnd drög að þjónustusamningi fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla sem taka mið af þeim tillögum sem starfshópurinn gerir.

Mikilvægustu tillögurnar varða eftirtalin atriði:

- Endurskoðað innritunarfyrirkomulag barna og nemenda.
- Endurskoðuð framlög og bætt rekstrarskilyrði sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.
- Afnáam skólagjalda í grunnskólum til að skapa jafnræði í vali á skólum.
- Gjaldskrá leikskóla verði sú sama í sjálfstætt starfandi leikskólum og borgarreignum leikskólum.
- Aukinn stuðningur við byggingu eða breytingu á skólahúsnæði.
- Aukið faglegt og fjárhagslegt eftirlit.
- Aukið framboð sjálfstætt starfandi skóla.
- Efling alþjóðadeilda til að koma til móts við þau börn sem hentar það námsumhverfi.

Stefnumótun

Erindisbréf: Að móta drög að stefnu og tillögum um aðkomu Reykjavíkurborgar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum þar sem jafnræði og gegnsæi er haft að leiðarljósi þegar kemur að aðkomu og framlögum Reykjavíkurborgar. Mótun stefnu um heildstæða nálgun Reykjavíkurborgar um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla sem eru reknir á grundvelli þjónustusamnings við Reykjavíkurborg.

Stefnumótun¹ um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla grundvallast á Græna planinu sem er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem leggur línurnar í fjármálum, fjárfestingum og grænum lykilverkefnum til 10 ára. Græna planið byggir á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag. Græna planið er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Lykilvíddir Græna plansins eru þrjár: Efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Stefnumótun um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla byggir einnig á menntastefnu Reykjavíkurborgar. Meginmarkmið menntastefnu borgarinnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm: Félagshæfni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

Með markvissu skóla- og frístundastarfi nær Reykjavíkurborg fram stefnu og markmiðum *menntastefnu* Reykjavíkurborgar og *sóknaráætlun Græna Plansins*. Sveitarfélögum er heimilt skv. lögum um grunnskóla og lögum um leikskóla að leyfa öðrum að reka leik- og grunnskóla, s.s. sjálfseignastofnunum og hlutafélögum, að hluta eða öllu leyti. Útvistun á þessum verkefnum breytir þó ekki því að Reykjavíkurborg ber víðtæka ábyrgð á starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.

Þá er mikilvægt í þessu samhengi að minna á að í reglum Reykjavíkurborgar um styrki segir m.a. að „*allir sem njóta styrkja borgarinnar eða eru viðsemjendur á grundvelli samstarfs- og þjónustusamninga skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni.*“ Sérstök skírskotun er gerð í þessu sambandi til *Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar*. Í styrkjareglunum segir ennfremur: „*Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi*

¹ Stefna felur í sér umfjöllun og ákvörðun um framtíðarsýn, markmið og árangur af starfsemi yfir tiltekið tímabil, ávinning á tilteknu sviði eða sjónarmið og gildi sem byggt skal á. Stefna nær yfir tiltekið tímabil og er ætlað að stuðla að heildstæðri áætlanagerð, fyrirsjáanleika við töku ákvarðana um aðgerðir, árangursmati og markvissu eftirliti.

styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.“

Framtíðarsýn² Reykjavíkurborgar á mótun stefnu um heildstæða nálgun Reykjavíkurborgar um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla snýst að mati starfshópsins um tvö meginatriði:

- ✓ Reykjavíkurborg vill stefna að traustum starfsskilyrðum sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í borginni sem skapa fyrirsjáanleika, gagnsæi, jafnræði og stöðugleika í rekstri þeirra til lengri tíma og gerir þeim kleift að haga starfi sínu í samræmi við lög, reglugerðir, kjarasamninga, Græna planið og menntastefnu Reykjavíkurborgar.
- ✓ Reykjavíkurborg vill stefna að því að skapa sambærileg starfsskilyrði og jafngilda menntun í öllum skólum óháð rekstrarfyrirkomulagi í samræmi við lög, reglugerðir og menntastefnu Reykjavíkurborgar enda ráðstafi sveitarfélagið fjármunum með sambærilegum hætti milli eigin skóla og sjálfstætt starfandi skóla.

Í þessari framtíðarsýn gegna sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar mikilvægu hlutverki í að efla framkvæmd markmiða menntastefnu borgarinnar m.a. hvað varðar eftirtalin atriði:

- Að auka fjölbreytni í skólastarfi í borginni og fjölga valkostum fyrir foreldra/forsjáraðila varðandi menntun barna.
- Að auka framboð og gæði leik- og skólastarfs í borginni gagnvart fjölbreytileika mannlífs.
- Að stefna að því til lengri tíma að skapa möguleika fyrir einkaaðila að hafa rekstur leik- eða grunnskóla í húsnæði borgarinnar á sömu kjörum og borgarreknir skólar.

Borgarreknir leik- og grunnskólar verða þó áfram hryggjarstykkið og meginleið í skólamálum borgarinnar.

Samandregið:

Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar skipa og eiga að skipa mikilvægan sess í framboði leik- og grunnskóla í borginni til framtíðar. Þess vegna er mikilvægt að skapa þeim traust starfsskilyrði; fyrirsjáanleika, gagnsæi, jafnræði og stöðugleika í rekstri þeirra til lengri tíma og sambærileg starfsskilyrði á við almenna leik- og grunnskóla. Þeirra hlutverk verður m.a. að mæta aukinni þörf en einnig að auka breiddina gagnvart vaxandi fjölbreyttum hópi barna. Þar a meðal eru börn í vaxandi hópi erlends starfsfólks og íbúa. Þannig er mikilvægt að styðja sérstaklega við rekstur alþjóðaskóla/alþjóðadeilda í borginni með skírskotun í atvinnu- og nýsköpunarstefnu og alþjóðastefnu Reykjavíkurborgar.

Í næsta kafla er fjallað um þær aðgerðir sem hópurinn mælir með. Þegar stefnumótunarvinnan og markmið liggja endanlega fyrir þarf að stilla upp mælikvörðum til að meta árangurinn í sóknar-áætlun Græna Plansins.

² Tilgangur framtíðarsýnar er að styrkja grundvöll ákvarðana um markmið og hlutverk í starfsemi til skemmri og lengri tíma.

Gerð tillagna/reglna

Erindisbréf: Gerð tillagna/reglna um aðkomu Reykjavíkurborgar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum þar sem horft verði til þjónustusamninga, fjárframlaga, húsnæðismála, stofnstyrkja, leigusamninga, eftirlits sem og annarra þátta sem máli kunna að skipta í þessu samhengi þar sem jafnræði og gegnsæi sé haft að leiðarljósi.

Tillögur vegna leikskólaþjónustu sjálfstætt starfandi leikskóla

I. Umsókn og innritun barna í leikskóla

Starfshópurinn leggur til að tekið verði upp samræmt umsóknar- og innritunarkerfi fyrir leikskólaþjónustu í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum sem borgin er með þjónustusamninga við. Börn með lögheimili í Reykjavík njóti forgangs umfram börn úr öðrum sveitarfélögum að lausum plássum hjá sjálfstætt starfandi leikskólum til samræmis við ákvæði þjónustusamnings.

Stutt greinargerð:

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er hverjum sjálfstætt starfandi leikskóla sem er með þjónustusamning við Reykjavíkurborg gert að setja sér reglur um innritun barna sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (hér eftir SFS) um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórn-sýslulögum og birta á heimasíðu sinni. Skólunum er óheimilt að neita börnum um leikskóladvöl á grundvelli sérþarfa barnsins enda er fylgt stefnu um skóla án aðgreiningar, þar sem öll börn eiga sama rétt til að fara í leikskóla án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Sömu reglur gilda um forgang að leikskóla og hjá Reykjavíkurborg. Skólunum er skylt að upplýsa SFS um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

Úttekt IER leiðir í ljós að leikskólar hafa ekki allir fylgt þeirri skyldu að setja sér reglur um innritun og birta á heimasíðu sinni. Fram kemur í úttektinni að leyfilegur hámarksfjöldi leikskólabarna sem heimilt er að greiða framlag vegna samkvæmt þjónustusamningum við sjálfstætt starfandi leikskóla er 1.500. Þrátt fyrir þetta var meðalfjöldi reykvískra barna á tímabilinu janúar-október 2021 í sjálfstætt reknum leikskólum 1.169 eða tæplega 80% af leyfilegum hámarksfjölda. Þetta vekur athygli starfshópsins í ljósi þess skorts sem er á leikskólaplássum í borginni.

Tillagan gerir ráð fyrir að umsókn og innritun allra reykvískra barna fari fram í gegnum miðlægt innskráningarkerfi borgarinnar fyrir leikskólaþjónustu í borgarreknum leikskólum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Í umsókn komi fram óskir um þjónustu, þ.á.m. í hvaða leikskóla þjónustan verði veitt. Þannig er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi skólar noti innritunarkerfi Völu leikskóla varðandi umsóknir, innritun og umsýslu biðlista (<https://vala.is/>). Reykjavíkurborg er heimilt að setja slíka reglu, sbr. 26. gr. laga um leikskóla. Rekstraraðili skal tilkynna SFS þegar pláss losnar í leikskóla með skráningu uppsagnar í umsýslu-kerfið (Vala leikskóli). Foreldrar barna með lögheimili í Reykjavík eigi forgang að lausum leikskólaplássum sjálfstætt starfandi leikskóla fram yfir umsóknir vegna barna með lögheimili í öðrum sveitarfélögum til samræmis við heimilaðan hámarksfjölda barna með lögheimili í Reykjavík samkvæmt þjónustusamningi. Framangreint komi fram í samningum við sjálfstætt rekna leikskóla og í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu. Gert er ráð fyrir að leikskólastjóri ráðstafi lausum leikskólaplássum í samráði við skrifstofu SFS með sama hætti og gert er hjá leikskólum Reykjavíkurborgar. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu,

þau elstu fyrst og á það við jafnt um ungbarnaleikskóla, almennar deildir og ungbarnadeildir. Líkt og áður er óheimilt er samkvæmt samningi þessum að neita börnum um leikskóladvöl á grundvelli sérþarfa barnsins.

Rökstuðningurinn fyrir þessum breytingum byggir á stefnumótun og framtíðarsýn borgarinnar um þessa þjónustu og áherslunni á að tryggja sem mest jafnræði um veitingu þjónustunnar fyrir reykvísk börn og fjölskyldur þeirra sem er að mestu leyti er kostuð af skattfé.

II. Framlög til leikskóla og gjaldskrár

Starfshópurinn leggur til að framlög til sjálfstætt starfandi skóla vegna leikskólastarfs verði endurskoðuð og um leið verði sjálfstætt starfandi leikskólum óheimilt að innheimta hærri leikskólagjöld en leikskólar Reykjavíkurborgar að teknu tilliti til afsláttá.

Framlögin verði eftirfarandi:

Rekstrarframlag sem byggir á meðalfjárheimild pr. nemanda í leikskólum borgarinnar að viðbættum sameiginlegum kostnaði en að frádregnum fjárheimildum vegna húsnæðiskostnaðar, stuðnings og íslenskukennslu barna með annað móðurmál en íslensku.

Gjaldskrá sjálfstætt starfandi leikskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg verði hin sama og gjaldskrá borgarinnar að teknu tilliti til afsláttá líkt og borgin veitir og gildandi ákvæði um álag á gjaldskrá afnumin. Með þessu yfirtekur borgin þá greiðslu sem nú er dregin af framlagi borgarinnar.

Framlag vegna sérstaks stuðnings og vegna reykvískra barna með annað móðurmál en íslensku verði óbreytt og fari eftir sömu reglum og hjá borgarreknum leikskólum.

Framlag vegna húsnæðiskostnaðar taki mið af fjölda reykvískra barna í skólanum, allt að 8 fm. pr. barn³ og 3.300 kr. pr. fermetra sem uppfærast með húsnæðislið vísitölu neysluverðs⁴. Framlag vegna húsnæðiskostnaðar nemi þó að hámarki raunverulegum húsnæðiskostnaði skólans.

Gildandi ákvæði um birtingu gjaldskráa á heimasíðu vegna námsgjalds og fæðisgjald verði óbreytt. Óheimilt verði að innheimta hærri eða önnur gjöld af foreldrum.

Stutt greinargerð:

Núverandi fyrirkomulag varðandi framlög borgarinnar: Framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla skiptist í rekstrarframlag og húsnæðisframlag. Rekstrarframlag byggir á fjárhagsáætlun borgarinnar við rekstur leikskóla og sameiginlegum kostnað að frádregnum húsnæðiskostnaði. Greiðslur eru hlutfallslega mestar fyrir yngstu börnin en hver aldurshópur hefur sitt barnígildi sem endurspeglar starfsmannakostnaðinn. Þá fá leikskólar sem eru ekki í húsnæði borgarinnar húsnæðisframlag sem nemur húsnæðiskostnaði (innri leigu) borgarrekinna leikskóla á hvern nemanda í borgarreknum skólum.

Úttekt IER leiðir í ljós að talsvert er um að leikskólar hafi þurft að endurgreiða borgarsjóði ofgreidd framlög vegna rangra upplýsinga um veitta þjónustu. Þetta kallar á endurskoðun á rafrænum skilum á nauðsynlegum

³ Í hönnunarforsendum leikskóla er gert ráð fyrir 8 fm. pr. barn sem heildarrými leikskólans. Þegar kemur að rekstraleyfi ber „Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.“ Viðmiðunartala vegna greiðslu skv. þjónustusamningi þarf ekki að vera sú sama og skv. rekstraleyfi.

⁴ Sjá:

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__visitotur__1_vnv__3_greiningarvisitotur/VIS01102.px/table/tableViewLayout1/?rxid=cb20f1ff-283c-4bcf-93bb-cf7635ca4acc

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

upplýsingum frá leikskólunum og aukið eftirlit með réttmæti gagna. Ekki er að stöddu mælt með því að orðið verði við framkominni ósk SSSK um að skólarnir geti sent SFS reikninga. Þegar gagnaskil og eftirlit eru komin á traustan grunn verði málið endurskoðað. Í ljósi þess hvað útreikningar eru flóknir væri æskilegt að bæta framsetningu á mánaðarlegum uppgjörum borgarinnar við leikskóla þannig að skólarnir eigi auðveldara með að sannreyna forsendur útreikninga á framlögum.

Ekki er gerð tillaga hér um breytingu á viðmiði fyrir rekstrarframlag eða framlagi vegna sérstaks stuðnings og vegna barna af erlendum uppruna sem fer eftir sömu leikreglum og hjá borgarreknum skólum. Þá er áfram gert ráð fyrir að rekstrarframlagið komi til endurskoðunar ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi SFS, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun SFS eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

Hins vegar er gert ráð fyrir húsnæðisframlagi verði breytt þannig að það miðist við allt að 8 fm. pr. barn og 3.300 kr. pr. fermetra. Viðmiðunarfjárhæðin taki breytingum í takt við húsnæðislið vísitölu neysluverðs. Ástæðan þessara breytingar er sú að núverandi húsnæðisframlag sem nemur í raun upp undir 30 þkr. á hvert barn á mánuði leiðir til framlaga sem eru langt yfir húsnæðiskostnaði skólanna. Þess vegna er lagt til að framlög vegna húsnæðiskostnaðar nemi á hverjum tíma að hámarki raunverulegum húsnæðiskostnaði skólans.

Tilgangur þessara breytingar á húsnæðisframlaginu er að koma í veg fyrir greiðslur vegna húsnæðis umfram raunverulegan húsnæðiskostnað skóla en dæmi eru um að skóli fái jafnvel 50% hærra húsnæðisframlag en sem kostnaði nemur.

Gjaldskrá:

Skv. núverandi fyrirkomulagi skal gjaldskrá vegna barna 18 mánaða og eldri aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá SFS vegna náms barna í leikskólum borgarinnar margfölduð með 1,15. Sambærilegur leyfilegur hámarksstuðull vegna ungarnaleikskóla fyrir börn allt að 36 mánaða og vegna ungarnadeilda frá 12 til 18 mánaða skal vera 2,15. Leikskólunum ber að skila gjaldskrá til SFS í lok ágúst ár hvert. Mánaðarlegt hámarksgjald foreldra er dregið frá rekstrarframlagi og því mikilvægt að mati IER að SFS hafi eftirlit með gjaldskránni.

Úttekt IER⁵ sýnir að sjö leikskólar þ.e. Askja, Laufásborg, Korpukot, Fossakot, Skerjagarður, Sælukot og Vinaminni eru með frávík frá heimilaðri hámarksgjaldskrá leikskóla, sbr. tafla 7 í úttekt IER. Þetta ætti að kalla á aukið eftirlit SFS með framkvæmdinni. Ábending IER: „*Reykjavíkurborg birtir gjaldskrá leikskóla borgarinnar á heimasíðu sinni 1. janúar ár hvert. Virkt eftirlit þarf að vera með því að sjálfstætt starfandi leikskólar geri slíkt hið sama og að reglubundið eftirlit sé með því að gjaldskrá sé í samræmi við heimild í þjónustusamningi. SFS athugi með frekari málsmeðferð vegna sjö leikskóla með frávík í gjaldskrá.*“

Tillaga starfshópsins um framlög og gjaldskrá felur í sér að sjálfstætt starfandi leikskólum verður óheimilt að hafa hærri leikskólagjöld en borgin að teknu tilliti til afsláttar, þ.e. að gjaldtakan yrði sú sama og í borgarreknum skólum. Afnáam hámarksgjaldskrár leiðir til þess að frádráttur á rekstrarframlagi sem nú er fellur niður.

Heildaráhrif breytinganna eru sýnd í meðfylgjandi töflu:

⁵ Sjá <https://www.innriendurskodun.is/frett/uttek-lokid-a-sjalfstaett-starfandi-leik--og-grunnskolum>

Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum

Sviðsmyndagreining									
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Gögn byggja á apríl 2022	Mána-garður	Laufásborg	Askja	KFUM og K	Sólstafrir	Regnboginn	Vinaminni	Korpukot	Leikgarður
Fjöldi nemenda	181	102	100	88	74	70	70	55	54
Núverandi fyrirkomulag									
Rekstrarframlag	341.497.640	272.997.813	269.583.732	226.325.924	189.573.318	187.442.563	193.313.010	148.324.352	202.218.434
Viðbótarhlutur foreldra (VF)	-7.222.435	-4.758.006	-5.067.843	-4.532.913	-3.441.372	-3.329.040	-5.367.879	-2.549.591	-19.380.438
Rekst.framlag - VF	334.275.205	268.239.807	264.515.889	221.793.011	186.131.946	184.113.523	187.945.131	145.774.761	182.837.996
Stuðningur & íslenskunám			29.809.012	14.001.176			6.838.666		
Húsnæðisframlag			32.660.958	29.160.032	24.520.936	23.056.473	22.959.871	18.225.020	18.887.748
Samtals	334.275.205	268.239.807	326.985.859	264.954.219	210.652.882	207.169.996	217.743.668	163.999.781	201.725.744
Breytt fyrirkomulag									
Rekstrarframlag	341.497.640	272.997.813	269.583.732	226.325.924	189.573.318	187.442.563	193.313.010	148.324.352	202.218.434
Stuðningur			29.809.012	14.001.176			6.838.666		
Nýtt húsnæðisframlag *)			31.680.000	27.878.400	23.443.200	22.176.000	22.176.000	17.424.000	17.107.200
Samtals	341.497.640	272.997.813	331.072.744	268.205.500	213.016.518	209.618.563	222.327.676	165.748.352	219.325.634

*) Húsnæðisframlag m.v. 8 fm pr nemanda og viðmiðunarkostnaður 3.300 kr pr fm.

Sviðsmyndagreining											
Sjálfstætt starfandi leikskólar	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	
Gögn byggja á apríl 2022	Skólar ehf.	Ísaksskóli	Skerjagarður	Sælukot	Fossakot	Sólgarður	Lundur	Ós	5 ára deild Landakots	Krílasel	Samtals
Fjöldi nemenda	53	52	50	49	48	46	38	32	19	15	1196
Núverandi fyrirkomulag											
Rekstrarframlag	176.742.104	107.908.669	128.101.435	141.922.748	131.353.398	174.698.887	124.491.983	86.326.768	42.834.979	47.747.777	3.193.405.534
Viðbótarhlutur foreldra (VF)	-19.336.163	-2.610.333	-2.527.261	-3.240.468	-2.220.416	-16.509.262	-13.555.916	-2.355.155	-886.127	-5.332.019	-124.222.637
Rekst.framlag - VF	157.405.941	105.298.336	125.574.174	138.682.280	129.132.982	158.189.625	110.936.067	83.971.613	41.948.852	42.415.758	3.069.182.897
Stuðningur & íslenskunám			6.849.654								57.498.508
Húsnæðisframlag	17.484.324	16.813.115	16.568.200	16.236.836	16.035.140	16.870.282	12.591.832	10.185.835	6.428.466	4.970.460	303.655.528
Samtals	174.890.265	122.111.451	148.992.028	154.919.116	145.168.122	175.059.907	123.527.899	94.157.448	48.377.318	47.386.218	3.430.336.933
Breytt fyrirkomulag											
Rekstrarframlag	176.742.104	107.908.669	128.101.435	141.922.748	131.353.398	174.698.887	124.491.983	86.326.768	42.834.979	47.747.777	3.193.405.534
Stuðningur			6.849.654								57.498.508
Nýtt húsnæðisframlag *)	16.790.400	16.473.600	15.840.000	15.523.200	15.206.400	14.572.800	12.038.400	10.137.600	6.019.200	4.752.000	289.238.400
Samtals	193.532.504	124.382.269	150.791.089	157.445.948	146.559.798	189.271.687	136.530.383	96.464.368	48.854.179	52.499.777	3.540.142.442

*) Húsnæðisframlag m.v. 8 fm pr nemanda og viðmiðunarkostnaður 3.300 kr pr fm.

Kostnaður borgarinnar við ofangreindar breytingar á framlögum og gjaldskrá er áætlaður um 110 mkr. á ári m.v. fyrirliggjandi gögn sem skýrist aðallega af því að við samræmingu á leikskólajöldum hættir borgin að draga niður rekstrarframlag vegna heimildar sjálfstætt starfandi skóla að innheimta hærri gjöld.

Tilgangurinn er að tryggja jöfn tækifæri reykvískra barna til dvalar í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík.

Ef ekki verður fallist á tillögu starfshópsins að breyta hámarksgjaldskrá með ofangreindum hætti leggur starfshópurinn áherslu á mikilvægi þess að fylgja eftir gildandi ákvæðum um hámarksgjaldskrá sjálfstætt starfandi leikskóla og birtingu skólanna á henni. Þá verður að gera skýra kröfu í þjónustusamningi um að skólar birti gjaldskrá á heimasíðu sinni foreldrum og eftirlitsaðilum til upplýsingar þar sem úttekt IER sýnir að hámarksákvæði gjaldskrár eru ekki virt af öllum leikskólum. Í upplýsingaskyni fyrir borgarbúa ætti að birta gjaldskrár sjálfstætt starfandi leikskóla á vef borgarinnar.

III. Rekstrarafgangur leikskóla

Starfshópurinn leggur til að gerð verði krafa í þjónustusamningum að rekstrarafgang af starfsemi leikskólans sem rekja má til opinberra fjárveitinga skuli nýta til að þróa leikskólaþjónustu skólans. Hér er átt við rekstrarafgang ársins margfaldaðan með hlutfalli framlaga borgarinnar af heildartekjum leikskólans. Í ársskýrslu leikskólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

Stutt greinargerð:

Í núverandi fyrirkomulagi er ekki gert ráð fyrir neinum skilyrðum varðandi ráðstöfun rekstraraðila á rekstrarafgangi af starfseminni jafnvel þótt rekja megi arðinn til opinberra framlaga. Engu að síður er eðli málsins samkvæmt framlög veitt á þeirri forsendu að þau verði nýtt til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til leikskóla lögum samkvæmt og til að uppfylla kröfur sem gerðar eru í samningum við sjálfstætt starfandi leikskóla enda taka framlögin mið af því að leikskólarnir uppfylli allar kröfur sem gerðar eru til reksturs leikskóla.

Úttekt IER leiðir í ljós að afkoma sjálfstætt starfandi leikskóla er mjög mismunandi og ársreikningar þeirra eru aðeins í fjórum tilvikum endurskoðaðir. Flestir leikskólanna eða tíu eru með hagnað á árunum 2019-2020 og jafnvel verulegan hagnað.

Arðgreiðslur sjálfstætt starfandi leikskóla sem úttekt IER nær til nema að meðaltali um 69% af heildarhagnaði árána 2019-2020. Í engu tilviki er gerð grein fyrir arðgreiðslustefnu þeirra eða ráðstöfun arðs. Sjá kafla XIII um fjárhagslegt eftirlit.

Tillagan felur í sér að taka efnislega upp sama ákvæði og gilt hefur í þjónustusamningum vegna sjálfstætt starfandi grunnskóla og gera kröfu um að sá hluti rekstrarafgangs sem rakinn verður til opinberra framlaga verði nýttur til að efla leikskólaþjónustu skólans. Skólanum beri að gera grein fyrir hvernig þessum fjármunum er ráðstafað í ársskýrslu skólans. Í fyrirbyggjandi tillögu er þó gerð sú breyting að rekstrarafgangur sem rakinn er til opinberra framlaga er hér skilgreindur sem rekstrarafgangur ársins margfaldaður með hlutfalli opinberra framlaga af heildartekjum rekstraraðila. Mikilvægt er að SFS geri skýrar leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að útreikningum og skýrslugjöf. Þetta á að einfalda framkvæmdina fyrir rekstraraðila og einfalda eftirlit fyrir SFS.

Tilgangur breytinganna er að tryggja að rekstrarafgangi sem leiðir af opinberum framlögum (skattfé) verði varið til að efla leikskólaþjónustu í borginni og til að tryggja að uppfyllt séu skilyrði laga um leikskóla.

IV. Leikskólastjórar í leikskólum og starfsfólk leikskóla

Starfshópurinn leggur til að gerð verði skýr krafa í þjónustusamningum við sjálfstætt starfandi leikskóla um að leikskólastjórar uppfylli faglegar kröfur og séu í 100% starfshlutfalli til að leggja grunn að faglegri stjórnun sjálfstætt starfandi leikskóla. Lögum samkvæmt ber rekstraraðilum sjálfstætt starfandi leikskóla að tryggja að leikskólastjóri uppfylli sömu kröfur og gerðar eru til leikskólastjóra í leikskólum borgarinnar hvað varðar menntun og reynslu.

Jafnframt verði gerð sú krafa að sjálfstætt starfandi leikskólar horfi til viðmiða SFS um fjölda starfsfólks út frá fjölda barna enda eru framlög til leikskólanna byggð á þeirri forsendu að mönnun sé sambærileg bæði hvað varðar fjölda starfsmanna og hlutfall fagmenntaðra. Viðmiðin miðast við aldur, þarfir og fjölda barna með sama hætti og í leikskólum Reykjavíkurborgar og geta tekið breytingum og gilda þá sömu breytingar fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

Stutt greinargerð:

Hlutverk leikskólastjóra skv. 5. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla felur í sér bæði leiðtogahlutverk og stjórnun rekstrar: „Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Leikskólastjóri stuðlar að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð barna að markmiði. Leikskólastjóri boðar til kennara- og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir. Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.“ Samkvæmt lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

ber rekstraraðilum sjálfstætt starfandi leikskóla að tryggja að leikskólastjóri uppfylli sömu kröfur og gerðar eru til leikskólastjóra í leikskólum borgarinnar hvað varðar menntun og reynslu. Það er mat Reykjavíkurborgar að sá einstaklingur sem gegnir þessu starfi sé ráðinn í fullt starf til að geta sinnt þessu flókna og krefjandi verkefni.

Lagt er til að þeir leikskólar sem ekki uppfylla kröfu um að leikskólastjóri sé í fullu starfi fái sex til tólf mánaða aðlögunartíma. Í úttekt IER kemur fram að faghlutfall er í einhverjum tilfellum mjög lágt eða undir 40% starfsmanna í fjórum leikskólum, sbr. úttekt IER Mynd 3. Ástæða er til að minna á að framlög borgarinnar fela í sér vörpun á kostnaðarforsendum borgarrekinnna leikskóla og eiga að skapa sjálfstætt starfandi skólum sömu forsendur til mönnunar leikskólanna, bæði fjölda starfsmanna m.t.t. aldurs og fjölda barna og faghlutfalls starfsmanna.

V. Þjónustusamningar og viðmið um aldur barna á leikskólum

Starfshópurinn leggur til að stefnt verði að því að gera einn þjónustusamning við sjálfstætt starfandi leikskóla og að þeir hafi heimild til að vera með börn frá 12 mánaða aldri til 5/6 ára. Í öllum tilfellum gildir sama regla og áður um að innritað er eftir kennitölu, elsta barnið fyrst.

Hætt verði greiða framlag sem er það sama og niðurgreiðsla til dagforeldra vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum sem yngri eru en 18 mánaða líkt og nú er heimilt að gera samkvæmt samningum um framlag vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára.

Starfshópurinn áréttar að veita ber börnum í fimm ára deildum við sjálfstætt starfandi skóla þjónustu á grundvelli laga um leikskóla og skólanámskrár fyrir slíka þjónustu.

Stutt greinargerð:

Eins og fram kemur hér að framan er lagt til að stefnt verði að því að gera einn þjónustusamning vegna barna frá 12 mánaða aldri en miðað við fyrirkomulag leikskóla Reykjavíkurborgar gæti verið að það sé ekki tímabært. Vegna þessa er sem stendur lagt til að skoðað verði að leikskólar sem nú flokkast sem ungbarnaleikskólar verði áfram með slíka sérhæfingu en lágmarksaldur barna verði 9 mánuðir fyrir einstæða foreldra og námsmenn og 12 mánuðir fyrir börn foreldra sem eru samvistum. Samningur nái til barna á aldrinum 9/12 mánaða til 36 mánaða. Þá verði með sama hætti til staðar samningur vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára og vegna leikskóladeilda á þeim leikskólum vegna barna á aldrinum 12 til 18 mánaða.

Þá er í samningum vegna eldri barna heimild til að greiða framlag líkt og til dagforeldra vegna barna yngri en 18 mánaða en lagt er til að hætt verði að greiða þá greiðslu þar sem þeir sem þess óska geta óskað eftir að fá að reka ungbarnadeild fyrir börn á aldrinum 12 til 18 mánaða

Framangreint fyrirkomulag er að mestu leyti í samræmi við fyrirkomulag leikskóla Reykjavíkurborgar en þar eru nú leikskólar fyrir börn frá 18 mánaða til sex ára aldurs, sumir eru með ungbarnadeild vegna barna frá 12 mánaða aldri sem gert er ráð fyrir að börn fari af í kringum þriggja ára aldur. Þá eru til staðar ungbarna-leikskólar fyrir börn frá 12 mánaða til 36 mánaða.

Skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 144/2020 eiga foreldrar á vinnumarkaði sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að sex mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Í þeim tilvikum þar sem einstætt foreldri sem er með fulla forsjá yfir barni og hitt foreldrið gengst ekki við barni eða er óþekktur, á einstæða foreldrið, með vísan til framangreindra laga, rétt til 12 mánaða fæðingarorlofs vegna barns sem fæðst hefur 2021 eða síðar enda er forsjá barns skilyrði fyrir rétti til fæðingarorlofs. Þessi lagasetning hefur haft veruleg áhrif á áherslur Reykjavíkurborgar í leikskólaþjónustu.

Þann 15. nóvember 2018 voru samþykktar tillögur sem settar voru fram í skýrslu starfshóps um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, dags. nóvember 2018. Þar er meðal annars lagt til að leikskólarýmum verði

fjölgað um 700 -750 á næstu fjórum til fimm árum svo bjóða megi öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023⁶.

Tillögur vegna grunnskólaþjónustu sjálfstætt starfandi skóla:

VI. Umsókn og innritun nemenda í grunnskóla

Starfshópurinn leggur til að tekin verði upp samræmt umsókna- og innritunarkerfi fyrir borgarrekna og sjálfstætt starfandi grunnskóla sem borgin hefur gert þjónustusamninga við. Nemendur með lögheimili í Reykjavík njóti forgangs skv. þjónustusamningum við sjálfstætt starfandi grunnskóla í borginni.

Stutt greinargerð:

Skv. núverandi fyrirkomulagi ber hverjum sjálfstætt starfandi grunnskóla sem er með þjónustusamning við borgina að setja sér reglur um innritun barna í grunnskólann sem taka mið af ákvæðum þjónustusamnings, stefnumörkun borgarinnar, ákvæðum grunnskólalaga og stjórnsýslulögum og birtir á heimasíðu sinni. Skólunum er óheimilt að neita nemendum um skólavist á grundvelli sérþarfa barnsins ákvæði grunnskóla um að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Tillagan gerir ráð fyrir að innritun reykvískra nemenda fari fram í gegnum miðlægt stafrænt innritunarkerfi borgarinnar. Í umsókn komi fram óskir um grunnskóla, þ.e. í hvaða grunnskóla nemandi vill fara. Nemendur með lögheimili í Reykjavík eigi forgang að lausum plássum sem samið er um í þjónustusamningi og skólastjóri ráðstafi lausum plássum í samráði við skrifstofu SFS. Hver sjálfstætt starfandi skóli skal setja sér skýrar og málefnalegar inntökureglur um forgang barna að lausum plássum sem samræmast lögum og stefnumörkun borgarinnar, reglum um styrki og tryggi jafnræði reykvískra nemenda. Eðlilegt er að þeir sem sækja fyrst um í sjálfstætt starfandi skóla njóti að öðru jöfnu forgangs. Um innskráningar gildir almennt sú regla að nemandi eigi rétt á að sækja nám í sínum hverfisskóla á vegum Reykjavíkurborgar en hafi jafnframt möguleika á að sækja um skólavist í öðrum borgarreknum eða sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Rökstuðningurinn fyrir þessum breytingum byggir á stefnumótun og framtíðarsýn borgarinnar um þessa þjónustu og áherslunni á að tryggja sem mest jafnræði um veitingu á þessari þjónustu við reykvísk börn og fjölskyldur þeirra sem er nánast alfarið kostuð af skattfé. Fyrirmynd að fyrirkomulagi innritunar er t.d. sótt í Garðabæ. Með breytingum á innritunarfyrirkomulagi má ætla að sjálfstætt starfandi skólar fái fjölbreyttari hóp nemenda eins og aðrir grunnskólar í borginni.

VII. Framlög til grunnskóla og gjaldskrár

Starfshópurinn leggur til að framlög til sjálfstætt starfandi grunnskóla vegna grunnskólastarfs verði endurskoðuð og um leið verði afnumin heimild sjálfstætt starfandi skóla til að innheimta skólagjöld/námsgjöld önnur en vegna fæðis nemenda.

Framlögin verði þrenns konar:

⁶ Sjá nýja áætlun Brúum bilið, sbr. fundargerð borgarráðs 3. mars 2022

Rekstrarframlag sem byggir á meðalfjárheimild pr. nemanda í grunnskólum borgarinnar sem hafa færri en 250 nemendur að frádrögnum fjárheimildum vegna húsnæðiskostnaðar, stuðnings og íslenskukennslu.

Framlag vegna sérstaks stuðnings og íslenskukennslu verði áfram skv. reglum sem gilda fyrir borgarrekna grunnskóla.

Nýtt framlag, húsnæðisframlag, vegna húsnæðiskostnaðar grunnskóla sem er í eigin húsnæði taki mið af fjölda reykvískra barna í skólanum, allt að 12 fm. pr. nemanda⁷ og 3.300 kr. pr. fm. sem uppfærast með húsnæðislið vísitölu neysliverðs. Framlög vegna húsnæðiskostnaðar nemi að hámarki raunverulegum húsnæðiskostnaði skólans. Skóli sem er í húsnæði borgarinnar er leigulaus en leigan telst húsnæðisstyrkur borgarinnar og leigjandinn greiðir rekstrarkostnað, allt viðhald og endurnýjun lausamuna.

Heildarframlög borgarinnar til hvers skóla nemi þó að hámarki framreiknuðum (100%) meðalnemendakostnaði á landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands og að lágmarki 75% af sama viðmiði, sbr. 43. gr. grunnskólalaga.

Sjálfstætt starfandi grunnskóli sem er með gildandi samning við Reykjavíkurborg getur valið um að endurnýja samning sinn skv. ofangreindu eða með óbreyttu fyrirkomulagi, þ.e. framreiknuðum 75% meðalnemendakostnaði á landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands. Vegna sérstakra aðstæðna í húsnæðismálum Barnaskóla Hjallastefnu er ekki gert ráð fyrir að endurskoðun á framlögum skv. ofansögðu eigi við um þann skóla að sinni⁸.

Stutt greinargerð:

Núverandi framlög: Skv. núverandi fyrirkomulagi fá sjálfstætt starfandi skólar 75% af meðalnemendakostnaði á landinu skv. Hagstofu Íslands vegna allt að 200 nemenda en 70% vegna nemenda umfram 200. Það má segja að löggjafinn hafi ákveðið að sveitarfélög greiði að lágmarki rekstrarframlög til sjálfstætt starfandi grunnskóla sem nemi 75% af meðalrekstrarkostnaði pr. nemanda á landinu og löggjafinn hafi gengið út frá því að skólagjöld myndu fjármagna það sem upp á vantar. Þetta framlag hækkar mánaðarlega í takt við verðlag sem Hagstofan gefur út. Að auki bætist við framlag vegna sérstaks stuðnings vegna reykvískra barna og framlag vegna barna af erlendum uppruna sem fara eftir sömu reglum og hjá borgarreknum grunnskólum. Skólarnir fá þannig að nokkru marki tvígreitt vegna nemenda sem þurfa sérstökum stuðningi að halda og eins vegna íslensku sem annað tungumál. Ekki er greitt sérstakt húsnæðisframlag þar sem húsnæðiskostnaður er hluti af Hagstofuviðmiðinu.

Meðfylgjandi tafla lýsir núverandi fyrirkomulagi í meginatriðum⁹ fyrir þá 6 grunnskóla sem eru með þjónustusamning við Reykjavíkurborg:

⁷ Í hönnunarforsendum grunnskóla er gert ráð fyrir allt að 12 fm. pr. nemanda en þá er aðstaða fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöð meðtalin en aðstaða fyrir skólaþróttir ekki meðtalin.

⁸ Hér er vísað til ákvarðana borgarráðs á þessu ári varðandi sértakan stuðning til Barnaskóla Hjallastefnunnar, sbr. fundargerð borgarráðs 20.6.2022 og 18.7.2022. Barnaskólinn (og leikskólinn Askja) eru að flytja úr eigin húsnæði að Nauthólsvegi í leiguhúsnæði hjá þriðja aðila að Skógarhlíð 6. Borgin greiðir 38,5 mkr mótfamlag vegna leigu ásamt 135 mkr einskiptis kostnað við breytingar á húsnæðinu. Í heildina er húsnæðisstuðningurinn 173,7 mkr. Framundan er að ári flutningur í leiguhúsnæði í Öskjuhlíð.

⁹ Framlag Landakotsskóla er samsett m.v. 75% og 70%-regluna sem nefnd er hér að framan.

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

	Landakotsskóli alls	Skóli Ísaks Jónssonar	Barnaskóli Hjalastefnu	Waldorfsskóli Sólstafr	Tjarnarskóli	Suðurlíða-skóli	Samtals
Fjöldi nemenda	276	169	150	86	41	33	755
Áætluð skólagjöld (án fæðisgjalda) pr nemanda	253.650	240.000	199.000	190.000	284.000	235.000	
Meðalkostn pr. nem. skv. Hagstofu	2.408.099	2.408.099	2.408.103	2.408.102	2.408.100	2.408.101	
75% af meðalkostn.pr.nemanda skv. Hagstofu	1.806.074	1.806.074	1.806.077	1.806.077	1.806.075	1.806.076	
Reiknað rekstrarframlag	489.325.364	305.226.548	270.911.588	155.322.579	74.049.075	59.600.500	1.354.435.653
Áætluð framlög v stuðnings og íslensku*	18.770.755	6.748.470	13.487.951	7.661.399	10.062.360	17.337.868	74.068.803
Framlög alls	508.096.119	311.975.018	284.399.539	162.983.978	84.111.435	76.938.368	1.428.504.456
Áætluð skólagjöld (önnur en fæðisgjöld)**	70.007.400	40.560.000	29.850.000	16.340.000	11.644.000	7.755.000	176.156.400
Áætlaðar árstekjur (framlög + skólagjöld)	578.103.519	352.535.018	314.249.539	179.323.978	95.755.435	84.693.368	1.604.660.856
Hagstofan telur saman árlegan rekstrararkostnað grunnskóla á öllu landinu pr. nemanda, þ.m.t. húsnæðiskostnað og kostnað vegna stuðnings og íslenskukennslu.							
* Framlög vegna stuðnings og íslenskukennslu eru áætluð út frá gögnum fyrir skólaárið 2020/2021							
**) Skólagjöld eru áætluð út frá gögnum í úttektarskýrslu IER 2022							

Taflan sýnir að heildarframlög borgarinnar, þ.e. lögbundið rekstrarframlag og framlög vegna stuðnings og íslenskukennslu, nema rúmlega 1,4 milljörðum króna sem eru að meðaltali tæp 79% af Hagstofuviðmiði. Áætlaðar árstekjur skólanna að viðbættum áætluðum skólagjöldum öðrum en fæðisgjöldum nema um 1,6 milljarði. Úttekt IER sýnir að afkoma sjálfstætt starfandi grunnskóla árin 2018-2020 eru í flestum tilvikum jákvæð hjá þessum skólum. Enda þótt afkoma skólanna hafi almennt verið góð umrædd ár versnaði hún til muna 2021 og horfur eru óhagstæðar vegna 2022. Þar má væntanlega kenna bæði Covid og kjarasamningum um.

Tillaga að breyttum framlögum:

Starfshópurinn telur æskilegt að endurskoða framlög til sjálfstætt starfandi grunnskóla þannig að framlögin taki meira mið af fjárheimildum reykviskra skóla. Tilgangurinn er að skapa sem mest jafnræði með borgarreknum og sjálfstætt starfandi skólum. Ef þessi leið verður farin þarf að birta með fjárhagsáætlunum og endurskoðuðum uppgjörum borgarinnar viðeigandi fjárhagslegar upplýsingar sem gera sjálfstætt starfandi skólum kleift að staðreyna þær.

Hér verður að hafa í huga að stærð og gerð sjálfstætt starfandi skóla er mismunandi innbyrðis og um margt ólík borgarreknum skólum. Hvað varðar húsnæði eru skólarnir bæði í eigin húsnæði og í leiguhúsnæði. Minnsti skólinn er aðeins með 33 nemendur og fjölmennasti skólinn, Landakotsskóli, með 276 nemendur og er það eini sjálfstætt starfandi skólinn með fleiri en 200 nemendur. Til samanburðar er enginn borgarrekinn skóli með færri en 100 nemendur og aðeins 6 skólar með færri en 200 nemendur. Þessir sex skólar eru afar mismunandi m.t.t. samsetningar nemendahóps eins og sést af greiðslum borgarinnar vegna stuðnings og íslensku sem annað tungumál og raunar líka ólíkir borgarreknum skólum að þessu leyti.

Meðfylgjandi tafla sýnir í meginatriðum niðurstöðuna ef tillaga að breyttum framlögum verður samþykkt. Framlagið byggir á meðalfjárheimildum allra almennra grunnskóla í borginni með færri en 250 nemendur (alls 9 skólar) að frádrögnum húsnæðiskostnaði, stuðningi og íslenskukennslu en að viðbættu húsnæðisframlagi og greiðslum vegna stuðnings og íslensku sem annað tungumál hjá hverjum skólanna. Breytt viðmið rekstrarframlags felur í sér að komi til endurskoðunar á fjárhagsáætlun innan rekstrarársins vegna laga- eða reglugerðarbreytinga, vegna kjarasamninga borgarinnar eða hagræðingaraðgerða hjá borgarreknum skólum hefur það bein áhrif á rekstrarframlög til sjálfstætt starfandi skóla með sama hætti og hjá borgarreknum skólum. Gert er ráð fyrir að nýja húsnæðisframlagið gangi aðeins til skóla sem eru í eigin húsnæði.

Nýtt húsnæðisframlag gengur til þeirra grunnskóla sem eru í eigin húsnæði en sjálfstætt starfandi grunnskólar fá húsaleigustyrk á móti leigu ef þeir eru í húsnæði borgarinnar. Rekstrarform og eigendur húsnæðis skólanna kemur fram í töflunni hér að neðan þar sem dregin eru fram áhrif þessara breytinga á sjálfstætt starfandi skóla og kostnaðaráhrif á borgarsjóð. Tveir dálkar eru sýndir fyrir Skóla Ísaks Jónssonar, annar fyrir stöðuna eins og hún er í dag, þ.e. að skólinn leigir húsnæði af borginni, og hinn miðað við að skólinn nýti kauprétt sinn og kaup fasteignir skólans eins og samningar gera ráð fyrir. Í meðfylgjandi töflu eru áhrifin sýnd fyrir Landakotsskóla, Ísaksskóla, Waldorf skólann Sólstafr, Tjarnarskóla og Suðurlíðaskóla. Summu dálkur er án Skóla Ísaks Jónssonar (1), þ.e. sem leigjanda hjá Reykjavíkurborg.

Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum

	Landakotssk alls	Skóli Ísaks Jónssonar (1)	Skóli Ísaks Jónssonar (2)	Waldorfskóli Sólstafir	Tjarnarskóli	Suðurlíða-skóli	Samtals
rekstrarform	sjálfseignastofnun	sjálfseignastofnun	sjálfseignastofnun	sjálfseignastofnun	einkahlutafélag	félagasamtök	
eigandi húsnæðis skólans	kabólska kirkjan	Reykjavíkurborg	Skóli Ísaks Jónssonar ses	Fasteignin Sóltún 6 ehf	Reykjavíkurborg	Kirkja sjöunda dags aðventista	
Fjöldi nemenda	276	169	169	86	41	33	774
Meðalfjárheimild per reykvískra nem <250	2.457.394	2.457.394	2.457.394	2.457.394	2.457.394	2.457.394	
Meðalhúsn.kostn per reykvískra nem <250	732.718	732.718	732.718	732.718	732.718	732.718	
Meðalstuðn.kostn per reykvískra nem<250	99.469	99.469	99.469	99.469	99.469	99.469	
Nt meðalfjárheimildir per reykvískra nem <250	1.625.207	1.625.207	1.625.207	1.625.207	1.625.207	1.625.207	
Reiknað nýtt rekstrarframlag	448.557.145	274.659.991	274.659.991	139.767.806	66.633.489	53.631.833	983.250.264
Sérframlög v stuðnings og íslenskunáms	18.770.755	6.748.470	6.748.470	7.661.399	10.062.360	17.337.868	60.580.852
Ný húsnæðisframlög/húsnæðisstyrkir **	131.155.200	26.309.909	80.308.800	40.867.200	3.653.876	15.681.600	271.666.676
Framlög alls	598.483.100	307.718.370	361.717.261	188.296.405	80.349.725	86.651.301	1.315.497.792
Áætluð kostnaðaraukning RVK	90.386.982	-4.256.648	77.317.723	25.312.427	-3.761.710	9.712.933	198.968.355
Skólagjöld (önnur en fæðisgjöld)	0	0	0	0	0	0	0
Áætlaðar árstekjur (framlög + skólagjöld)	598.483.100	307.718.370	361.717.261	188.296.405	80.349.725	86.651.301	1.315.497.792
Áætluð tekjuaukning skólanna	20.379.582	-44.816.648	47.467.723	8.972.427	-15.405.710	1.957.933	63.371.955

* Nýtt rekstrarframlag er reiknað út frá meðalfjárheimildum reykvískra grunnskóla < 250 nemendur að frádr. húsnæðiskostn, stuðningsframlögum og framlögum v íslenskunennslu

** Nýtt húsnæðisframlag er reiknað út frá 12 fm pr nemanda þar sem hver fermetri kostar 3.300 kr Hér er m.v. að Ísaksskóli hafi nýtt kauprétt sinn á fasteignum skólans

Hér er ekki tekið tillit þeirrar ívilunar sem felst í niðurgreiðslu á leigu Barnaskóla Hjallastefnu sem samþykkt var í borgarráði 5.5.2022 (áætlað um 44 mkr/ári)

Ef að Ísaksskóli hefði nýtt kauprétt sinn umrætt ár hefði húsnæðisframlag numið 80,3 mkr

Húsnæðisstuðningur við Hjallastefnu vegna árleigu og lagfæringa á Skógarhlíð 6 nemur 38,5 mkr v leigu (auk verðbóta) og 158 mkr v lagfæringa á húsnæði. Síðan tekur við stuðningur v leigu og lagfæringa á fasteign í Öskjuhlíð.

***Áætluð framlög v stuðnings og íslenskunennslu 2020-2021, SFS, maí 2022

Tillagan felur í sér beina hækkun framlaga úr borgarsjóði sem hefði numið tæpum 200 mkr. á ársgrunni og skilar hærri tekjum hjá Landakotsskóla, Skóla Ísaks Jónssonar ef hann hefði nýtt sér kauprétt á húsnæðinu, Waldorfskóla og Suðurlíðaskóla, þrátt fyrir að skólagjöld (önnur en fæðisgjöld) séu afnumin, en lakari tekjum fyrir Ísaksskóla í leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg og Tjarnarskóla. Góða niðurstöðu Landakotsskóla má m.a. rekja til þess að framlög eru ekki skert þótt fjöldi nemenda fari yfir 200.

Ef miðað væri við fjárheimildir í reykvískum grunnskólum með færri en 350 börn eða meðalfjárheimildir í öllum grunnskólum borgarinnar yrði niðurstaðan mun lakari fyrir sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Þá má einnig til samanburðar veita því athygli að Hafnarfjörður hefur nýverið samið við sjálfstætt starfandi grunnskóla að framlög til þeirra miðist við 100% Hagstofuviðmið (sbr. 2.408.099 kr í töflunni að ofan) sem telst heildargreiðsla og umræddir skólar innheimta ekki skólagjöld. Niðurstaðan myndi fela í sér verulega aukinn árlegan kostnað borgarsjóðs eða um 397 mkr. á ársgrunni og auknar heildartekjur skólanna um 221 mkr. sem myndi vafalítið auka rekstrarafgang skólanna til muna. Ekki verður séð að það þjóni markmiðum um meðferð á opinberu fé.

Starfshópurinn telur að tillagan um endurskoðun á framlögum borgarinnar uppfylli megintilgang breytinga á framlögum til sjálfstætt starfandi skóla sem eru að styrkja rekstrargrundvöll þeirra, auka fyrirsjáanleika, afnema skólagjöld (nema vegna fæðis) og jafna tækifæri barna varðandi val á grunnskóla í borginni.

Skólagjöld:

Skv. núverandi fyrirkomulagi er sjálfstætt starfandi skólum heimilt skv. þjónustusamningi að innheimta gjöld vegna kennslu og skólamáltíða og Reykjavíkurborg setur engin skilyrði um hámarksgjöld vegna kennslu eða skólamáltíða.

IER skoðaði í úttekt sinni (sbr. kafli 4.2 í úttekt IER) gjaldskrár sjálfstætt starfandi skóla miðað við auglýst skólagjöld fyrir skólaárið 2020-2021 og fjölda nemenda í maí 2021. „Úttektin sýnir að skólagjöld eru mjög mismunandi eftir skólum og munar allt að 50% á hæsta og lægsta gjaldi.“ „Þess vegna er mikilvægt að Reykjavíkurborg móti sér stefnu um heildstæða nálgun um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla þar sem jafnræði og gegnsæi er haft að leiðarljósi þegar kemur að aðkomu og framlögum Reykjavíkurborgar.“

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

Starfshópurinn leggur til eins og áður segir að heimild sjálfstætt starfandi skóla til gjaldtöku verði afnumin nema vegna skólamáltíða, þ.e. að tekið verði upp sama fyrirkomulag og í almennum grunnskólum borgarinnar. Tillögur starfshópsins um aukin heildarframlög borgarinnar byggjast m.a. á því að umrædd gjaldtaka verði óþörf. Ekki verði heimilt að innheimta hærri gjöld fyrir skólamáltíðir en nemur kostnaði við þær.

Tilgangurinn er að tryggja jöfn tækifæri reykvískra barna til náms í borgarreknum og sjálfstætt starfandi grunnskólum í Reykjavík.

Heildarsamhengið í tillögunum VI. og VII. er að tryggja sjálfstætt starfandi grunnskólum sömu rekstrarframlög og borgarreknir grunnskólar, taka upp samræmda inntöku barna/nemenda og tryggja að rekstrarafgangur verði nýttur í þróun skólanna um leið og skólagjöld sjálfstætt starfandi grunnskóla verði lögð af.

VIII. Tillaga vegna alþjóðaskóla

Starfshópurinn leggur til að framboð á alþjóðlegu skólastarfi verði aukið fyrir börn í fjölskyldum erlendra íbúa eða börn Íslendinga sem vinna að staðaldri erlendis en hafa tímabundna búsetu í Reykjavík til að mæta vaxandi eftirspurn og gera borgina samkeppnishæfari að þessu leyti.

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur sem móti frekari tillögur og útfærslur. Skoða þarf sérstaklega hvernig þeim sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík verði mætt hvað varðar kostnað af skólagöngu í slíku námi.

Stutt greinargerð:

Alþjóðlegt skólastarf hefur verið að ryðja sér til rúms í síauknu mæli á liðin árum á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið bakslag kom bæði í „hruninu“ og á tímum Covid-19. Eftirspurn eftir skólaúrræði af þessum toga er hins vegar að aukast á ný.

En þetta er ekki eini valkosturinn í stöðunni og spurning hvort að þessi kostur dugi til lengri tíma litið. Skoða þarf því vel hvort að: 1. Reykjavíkurborg fari af stað með alþjóðlegan skóla í ákjósanlegu húsnæði miðsvæðis í borginni. 2. Að Reykjavíkurborg leiti til sjálfstætt starfandi aðila sem hafa reynslu af rekstri alþjóðlegra skóla að taka við fleiri nemendum innan núverandi starfsemi eða stofni skóla á nýjum grunni byggðum á alþjóðlegri námskrá sem hlotið hefur staðfestingu/viðurkenningu til þess bærri úttektaraðila.

Tillögur sem eiga við bæði sjálfstætt starfandi skóla á leik- og grunnskólastigi

IX. Leiga á lausu húsnæði borgarinnar

Lagt er til að Reykjavíkurborg gefi sjálfstætt starfandi skólum tækifæri til að leigja laust skólahúsnæði borgarinnar eða eftir atvikum annað hentugt húsnæði borgarinnar undir starfsemi sína áður en slíku húsnæði er ráðstafað til annarra verkefna eða selt. Leiga verði á sömu kjörum og borgarreknir skólar njóta.

Starfshópurinn leggur til að Eignaskrifstofu verði falin nánari útfærsla á þessari tillögu.

X. Stofnstyrkir vegna byggingar eða endurbóta á húsnæði

Starfshópurinn leggur til að virkjað verði ákvæði 43. gr. grunnskólalaga um stofnframlög til sjálfstætt starfandi skóla vegna byggingar skólans á nýju húsnæði eða endurbóta á eigin eldra húsnæði með setningu reglna sem byggja á gagnsæi og jafnræði milli skólanna og fjárhagslegum forsendum sem fjárhagsáætlun borgarinnar setur hverju sinni.

Starfshópurinn leggur til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falin útfærsla á tillögu um stofnframlög í næstu fimm ára áætlun.

Stutt greinargerð:

Framlög borgarinnar til leik- og grunnskólaþjónustu og skólagjöld leikskóla ættu að að öðru jöfnu að duga fyrir húsnæðiskostnaði, hvort heldur er til að standa undir leigu eða langtíma fjármögnun á eigin fasteigna. Við þær aðstæður að skóli getur sýnt fram á að tekjur duga ekki fyrir húsnæðiskostnaði getur hann lagt fram rökstudda beiðni um stuðning borgarinnar. Sjá að öðru leyti umfjöllun undir stefnumótunarkafla.

XI. Ábyrgð sjálfstætt starfandi skóla og tryggingar

Starfshópurinn leggur til að tekin verði upp ákvæði um nauðsynlegar áhættuvarnir í þjónustusamningum í ljósi þeirrar áhættu sem fylgir samningum um lögskylda þjónustu. Um ábyrgð skólans fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Skólinn ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verkefnisins. Ennfremur ber skólinn ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda SFS eða þriðja aðila meðan á verkefninu stendur og við framkvæmd þess.

Starfshópurinn leggur þess vegna til að gerð verði krafa um að sjálfstætt starfandi skólar kaupi ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi rekstraraðilans og vinnu starfsmanna hans. Sérhver skóli ber ábyrgð verkefninu og framkvæmd þess auk þess tjóns er SFS eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess. Þá telur starfshópurinn að gera verði kröfu til skólanna að þeir slysatryggi starfsfólk og kosti önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld, sem fylgja því að hafa starfsfólk í vinnu og selja efni og þjónustu. Rekstraraðili skal kaupa allar lögbundnar og aðrar viðeigandi váttryggingar hjá viðurkenndu váttryggingafélagi sem innifela þessa ábyrgð, svo sem ábyrgðar-, rekstrar- og slysatryggingar og einnig munatryggingar vegna eigna og búnaðar rekstraraðila sem þarf til rekstursins.

Rekstraraðili skal því hafa a.m.k. eftirfarandi váttryggingar:

- Frjálsa ábyrgðartryggingu.
- Slysatryggingar starfsmanna.
- Brunatryggingu lausafjár rekstraraðila.
- Verkkaupi skal hafa eftirfarandi váttryggingar:
 - Húseigendatryggingu.
 - Brunatryggingu húsnæðis og lausafjár verkkaupa.
 - Slysatryggingu nemenda/leikskólabarna.
 - Verktryggingu og fleira:

Rekstraraðili skal kaupa hjá viðurkenndu váttryggingafélagi eða viðskiptabanka verktryggingu.

Stutt greinargerð:

Vátryggingar í heild skulu tryggja hagsmuni þeirra aðila sem tengjast framkvæmd samningsins, svo sem verkkaupa, rekstraraðila sjálfs, barna og annarra, meðal annars á þann veg að rekstur og þjónusta raskist ekki, þótt slysa- og eignatjón verði eða samningsaðilar, annar hvor eða báðir, geri dómssátt eða verði dæmdir til greiðslna hvers konar skaðabótakrafna í tengslum við samninginn. Rekstraraðili skal sjá til þess að undirverktakar kaupri tryggingar með sama hætti.

Verktryggingin skal vera óafturkallanleg og óafturkræf trygging fyrir því að rekstraraðili efni skyldur sínar skv. samningi. Upphæð tryggingar skal vera tilgreind og vera verðtryggð skv. vísitölu neysluverðs, uppreiknast um hver áramót og þannig orðuð að verkkaupi geti krafist greiðslu hennar, án undangengins dóms.

XII. Fjárhagslegt eftirlit

Starfshópurinn leggur til að fjárhagslegt eftirlit verði eftir og gert skýrara í þjónustusamningum við sjálfstætt rekna leik- og grunnskóla í takt við niðurstöður og ábendingar úttektar innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (IER). Í úttektarskýrslu IER er kallað eftir því að gerðar verði skýrar kröfur um eftirtalin atriði:

„Setja verður skýr viðmið og leiðbeiningar um rýni ársreikninga og viðbrögð SFS ef grunnskólinn er með neikvætt eigið fé og óviðunandi rekstrar- og gjaldhæfi. Þá þarf að liggja fyrir hvernig meta eigi þann hluta rekstrarafgangs sem rekja má til opinberra fjárveitinga, svo hægt sé að uppfylla skilyrði þjónustusamning um hvernig sá hluti er nýttur.“

„Setja verður skýr viðmið og leiðbeiningar við framsetningu, sundurliðun og rýni ársreikninga og viðbrögð SFS ef leikskólinn er með neikvætt eigið fé og óviðunandi rekstrar- og gjaldhæfi. Skoðað verði að setja kvöð um arðgreiðslur og markaðsleiguverð á fermetra, að rekstrarafgang af starfsemi leikskólanna, sem rekja megi til opinberra fjárveitinga skuli nýta til að efla leikskólustarfið og að í ársskýrslu skuli gerð grein fyrir því hvernig sá rekstrarafgangur sé metinn og hvernig honum sé varið.“

Starfshópurinn leggur til að brugðist verði við tillögum og ábendingum IER meðal annars með því að setja skýra skilmála í þjónustusamninga um eftirfarandi atriði, i-vi:

i. Kröfur um gerð og efni ársreiknings og fylgigagna

Sjálfstætt starfandi skólar skili endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu starfseminnar fyrir 1. maí ár hvert til samræmis við ákvæði reglugerðar 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla. Í skýringum komi fram sundurliðun tekna og gjalda, þ.m.t. launa, stjórnunar- og starfsmannakostnaðar, vegna þeirrar þjónustu sem veitt er borginni sundurliðað frá annarri starfsemi félagsins. Ef skólinn leigir húsnæði eða kaupir aðra þjónustu af öðrum lögaðila í eigu sömu aðila skal leggja skal fram sundurgreindan endurskoðaðan ársreikning samstæðu. Framlögð gögn skv. ofangreindu eiga að leiða í ljós hvort fleiri en eitt félag sömu eigenda komi að rekstri viðkomandi skóla og þá hvort eignatengslin og viðskiptahættir séu eðlilegir og eins og á milli óskyldra aðila að mati endurskoðenda. Endurskoðaður ársreikningur á jafnframt að leiða fram í skýringum kröfur eigenda á rekstrarfélagið og kröfur félagsins á eigendur, viðskipti rekstrarfélagsins við eigendur og hvort þessir gerningar standist skoðun að mati ytri endurskoðenda viðkomandi félags eða eftir atvikum samstæðu félaga. Endurskoðunarskýrsla ytri endurskoðenda skal fylgja

með ársreikningsgögnum. Það er mat starfshópsins að undanbrögð frá þessum kröfum um upplýsingagjöf eigi að leiða til uppsagnar/riftunar á þjónustusamningi.

Stutt greinargerð:

IER setur fram nokkrar alvarlegar athugasemdir varðandi rýni ársreikninga. Rekstrarfélag eins leikskóla er með óviðunandi rekstrar- og gjaldhæfi og stefnir í gjaldþrot. Auk þess hefur eigandinn greitt út arð með neikvætt eigið fé sem er ekki í samræmi við lög um einkahlutafélög. Nokkuð er um að fasteignir leikskóla séu í eigu félags sem jafnframt er í eigu hluthafa/eigenda leikskólans. Einn leikskóli hefur fjárfest í íbúðarhúsi hvers notkun er óljós og annar leikskóli skráir fasteign í miðbæ Reykjavíkur á bókfærðu verði sem er 15% af fasteignamatí. Rekstrartekjur eru ekki sundurliðaðar og því ekki hægt að vita hvort félagið leigi fasteignina út. Hjá nokkrum leikskólum er greiddur út umtalsverður arður til eigenda sem jafnframt eru á launaskrá hjá leikskólanum. Svo virðist sem arðgreiðslustefna sé að ganga jafnt og bitandi á eigið fé hjá nokkrum skólanna. Vaxandi skuldasöfnun, einkum ef um er að ræða opinber gjöld, er áhyggjuefni. Svíkemisáhætta er nokkur í rekstri leikskóla, einkum sú áhætta að blanda persónulegum kostnaði eigenda saman við leikskólarekstur (bifreiðar, íbúðir, matarkostnaður og annar persónulegur kostnaður). Nauðsynlegt er að auka gagnsæi á helstu lykiltölur í rekstri skólanna, s.s. leiguverð á fermetra, matarkostnað á barn, laun stjórnenda og meðallaun starfsmann. Hjá Reykjavíkurborg er um mikla orðsporsáhættu að ræða ef rekstur sjálfstætt starfandi skóla samræmist ekki meðferð á opinberu fé. Rekstrarframlagið miðar að því að reksturinn standi undir sér, en ekki sé stundaður annars konar hliðarrekstur. Fram kom hjá SFS að skil á ársreikningum séu í sumum tilfellum slæm og kalla þurfi ítrekað eftir gögnum.

IER setur fram eftirfarandi ábendingu:

Fáir ársreikningar eru endurskoðaðir þrátt fyrir ákvæði um slíkt í 10. grein samnings. Skýringar á þessu er sagðar vera að endurskoðun geti reynst fjárhagslega íþyngjandi fyrir minni leikskóla. Ef samningsaðilar sætta sig við að leikskóli uppfylli ekki samningsskilyrði þarf að breyta skilyrðum og setja viðmið um hvenær ásætlanlegt er að móttaka óendurskoðaðan ársreikning. Þögn samþykki um brot á ákvæði í samningi er ekki viðunandi. Kalla þarf eftir ársreikningi fyrir Hjallastefnuna (Leikskólar ehf.) og jafnframt rekstraryfirliti fyrir leikskóladeildir þegar þær eru hluti af annarri starfsemi.

ii. Kröfur um rekstrarhæfi og gjaldhæfi sjálfstætt starfandi skóla

Skýringar með endurskoðuðum ársreikningi sjálfstætt starfandi skóla eiga að leiða fram hvort félagið er rekstrarhæft og gjaldhæft að mati stjórnenda og endurskoðenda félagsins sem er forsenda þess að sveitarfélagið geti gert þjónustusamning við skólann (rekstraraðila) eða framlengt gildandi þjónustusamningi. Áskilið er að verkkaupi, Reykjavíkurborg, geti innan rekstrarársins óskað eftir mati endurskoðenda á rekstrar- og gjaldhæfi skólans ef tilefni er til enda um viðkvæma þjónustu að ræða fyrir íbúa borgarinnar.

Starfshópurinn leggur til að fjárhagslegt eftirlit SFS beinist að rekstri, efnahag og fjármögnun rekstraraðila og varði bæði rekstrar- og gjaldhæfi skólanna. Mælikvarðar á rekstrarhæfi verði einkum: jákvæð rekstrarniðurstaða, eiginfjárlutfall a.m.k. 25-30%, jákvætt eigið fé og trygg fjármögnun sem gerir m.a. kröfu um lágmarks lausafjárstöðu m.t.t. útgjalda þrjá mánuði fram í tímann og veltufjárlutfall > 1. Þá verður að gera kröfu um að veltufé frá rekstri standi undir afborgunum og vöxtum.

Leiði fjárhagsupplýsingar skóla fram að hann uppfyllir ekki ofangreind skilyrði vegna rekstrar, efnahags eða sjóðstreymis og getur ekki sýnt fram á nauðsynlega fjármögnun félagsins getur

Reykjavíkurborg sagt upp eða eftir atvikum rift þjónustusamningi við rekstraraðila eða ákveðið að gera ekki nýjan samning.

Stutt greinargerð

Úttekt IER sýnir að nokkrir leik- og grunnskólar uppfylla ekki ofangreindar kröfur. Verði reglum breytt skv. þessum tillögum kallar það á að þeir skólar sem ekki uppfylla kröfurnar fái ákveðin tímaramma til að bæta úr ella verði ekki samið við þá að nýju.

iii. Skilgreining á rekstrarafgangi sem rekja má til opinberra framlaga.

Skýringar með endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrsla skólans eiga að leiða fram hvernig rekstrarafgangur sem rekja má til opinberra framlaga er fundinn út og hvernig honum er ráðstafað til þróunar skóla. Þessi þáttur þarfnast staðfestingar endurskoðenda. Rekstrarafgangur sem rakinn er til opinberra framlaga er skilgreindur sem rekstrarafgangur margfaldaður með hlutfalli opinberra framlaga af heildartekjum. Óheimilt er að greiða út arð til eigenda ef það gengur á þann hluta rekstrarafgangs sem rakinn er til opinberra framlaga. Frávik eða skortur á hlítni við ofangreint getur leitt til uppsagnar/riftunar á þjónustusamningi.

Stutt greinargerð:

Úttekt IER bendir á að í gildi eru eftirfarandi ákvæði í þjónustusamningum grunnskóla:

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

Úttektin leiðir líka í ljós að á undanförunum árum hefur verið talsverður rekstrarafgangur hjá sjálfstætt starfandi grunnskólum í borginni og umtalsverðar arðgreiðslur, jafnvel hjá einum skólanna þrátt fyrir að eigið fé hafi verið neikvætt. Enginn af þessum skólum hefur gert grein fyrir hvort hluti rekstrarafgangs eigi að renna til eflingar skólastarfsins skv. umræddu ákvæði og hefur ekkert eftirlit verið með því. Þessu þarf að breyta.

iv. Eftirlit með gjaldskrá leikskóla

Starfshópurinn leggur til að tekið verði reglubundið eftirlit með gjaldskrám sjálfstætt starfandi leikskóla til að tryggja rétta upplýsingagjöf til foreldra/forsjáraðila barna og rétta framkvæmd, sbr. ábending IER.

Stutt greinargerð:

Hér er tillaga um viðbrögð við eftirfarandi ábendingu innri endurskoðunar (IER): „Reykjavíkurborg birtir gjaldskrá leikskóla borgarinnar á heimasíðu sinni 1. janúar ár hvert. Virkt eftirlit þarf að vera með því að sjálfstætt starfandi leikskólar geri slíkt hið sama og að reglubundið eftirlit sé með því að gjaldskrá sé í samræmi við heimild í þjónustusamningi. SFS athugi með frekari málsmeðferð vegna sjö leikskóla með frávik í gjaldskrá.“

v. Reglubundin upplýsingagjöf um laun

Starfshópurinn leggur til að tekin verði upp ákvæði í þjónustusamningum um reglubundna upplýsingagjöf um laun og annan stjórnunar og starfsmannakostnað sjálfstætt starfandi skóla með sama hætti og hjá einkareknum tónlistarskólum sem njóta framlaga úr borgarsjóði enda er rekstur að langmestu leyti kostnaður af almannafé.

Stutt greinargerð:

Hér er tillaga um að SFS fái reglubundið upplýsingar um stærsta og áhættumesta kostnaðarþáttinn í starfsemi sjálfstætt starfandi skóla enda stendur borgin undir langstærstu hluta af rekstrarkostnaði skólanna og miklu varðar að starfsemi þeirra verði ekki fyrir fyrirvaralitlum áföllum vegna rekstra- og fjármálastjórnar.

vi. Reglubundin upplýsingagjöf um fæðiskostnað og fæðisgjöld vegna barna

Starfshópurinn leggur til að tekin verði upp ákvæði í þjónustusamningum um reglubundna upplýsingagjöf um fæðiskostnað og fæðisgjöld vegna barna í sjálfstætt starfandi skóla til að unnt sé að ganga úr skugga um réttmæti gjaldtökunnar.

Stutt greinargerð:

Hér er tillaga um að SFS fái reglubundið upplýsingar um fæðiskostnað og fæðisgjöld vegna barna/nemenda í sjálfstætt starfandi til að ganga úr skugga um réttmæti gjaldtökunnar. Eðlilegt er að setja ákvæði sem kemur í veg fyrir óeðlilega há fæðisgjöld annað tveggja með því að samræma fæðisgjöldin við fæðisgjöld í borgarreknum skólum eða að setja t.d. 5% hámark á gjaldtöku umfram fæðisgjöld í borgarreknum skólum.

XIII. Faglegt eftirlit

Lagt er til að faglegt eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi skóla verði eftl í samræmi við lagaskyldur borgarinnar og samningsskyldur skólanna enda þarf að vera skýrt í þjónustusamningum að skortur á hlítni við þessar leikreglur geti leitt til uppsagnar eða jafnvel riftunar á samningum.

Stutt greinargerð:

Mikilvægt er að halda uppi kerfisbundnu faglegu eftirliti með starfsemi sjálfstætt starfandi skóla í borginni sem borgin hefur gert þjónustusamninga við. Faglega eftirlitið er mikilvægt í ljósi þeirrar víðtæku ábyrgðar sem sveitarfélagið ber á starfsemi sjálfstætt starfandi skóla sem borgin hefur veitt rekstrarleyfi og gert þjónustusamninga við. Þessum skólum ber að fylgja laga- og reglugerðarskyldum og skólanámskrá eins og borgarreknum skólum. Þeim ber einnig að fylgja Menntastefnu Reykjavíkurborgar og öðrum stefnum borgarinnar sem kunna að varða starfsemi leik- og grunnskóla.

Viðauki 1: Lagalegt umhverfi sjálfstætt starfandi skóla

I

Sjálfstætt reknir grunnskólar

1. Almennir grunnskólar og sjálfstætt reknir grunnskólar, skólakerfið

Lög um grunnskóla gilda um alla

Samkvæmt 1. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 taka lögini til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla og til viðurkennds náms á grunnskólastigi. Skólar sem bjóða nám á grunnskólastigi nefnast grunnskólar.

Rekstur grunnskóla er á ábyrgð sveitarfélaga

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalda í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, skólapijónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólustarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahlald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Sveitarstjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Sjálfstætt reknir grunnskólar

Í X. kafla laga um grunnskóla er fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Þar kemur fram í 43. gr. laganna að sjálfstætt reknir grunnskólar starfa samkvæmt lögum um grunnskóla en séu reknir af einkaaðila, almennt á grundvelli þjónustusamnings við viðkomandi sveitarfélag.

Í 2. mgr. 43. gr. kemur fram að innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla sé háð frjálsu vali foreldra, fyrir hönd barna sinna, nema annað leiði af þjónustusamningi. Ef innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla er ekki háð frjálsu vali skal til viðbótar öðrum kröfum fullnægja skilyrðum 43. gr. e.

Í 43. gr. a laga um grunnskóla er fjallað um gerð þjónustusamninga um rekstur skólans við rekstraraðila en samkvæmt 1. mgr. felur samningur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Á það er bent að í skýrslu um löggjöf um sjálfstætt rekna grunnskóla og tillögur að lagabreytingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 16. febrúar 2016, er komist að þeirri niðurstöðu að af grunnskóla- og sveitarstjórnarlögum leiði að sveitarfélag og viðkomandi sveitarstjórn beri fulla ábyrgð á grunnskólustarfinu og breyti engu í því efni þótt verkefninu hafi verið útvistað. Á það við hvort sem verkefninu er útvistað að hluta eða að öllu leyti. Ábyrgð sveitarfélaga að þessu leyti sé rík og taki ekki aðeins til starfsemi hvers og eins grunnskóla heldur jafnframt til þess að framboð grunnskólamenntunar í sveitarfélagi sé í heild í samræmi við þær kröfur sem af grunnskólalögum leiða.¹⁰

¹⁰ Skýrslu um löggjöf um sjálfstætt rekna grunnskóla og tillögur að lagabreytingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 16. febrúar 2016 (bls. 9).

Almennir grunnskólar og skólakerfið

Grunnskólalögin eru tæmandi um það með hvaða hætti börn á grunnskólaaldri geta fullnægt skólaskyldu sinni.

Almenna reglan er sú að skólaskyldu sé fullnægt í almennum grunnskóla. Þá getur ráðherra veitt heimild til starfsemi svonefndra þróunarskóla, sbr. 44. gr. grunnskólalaga og hann getur veitt undanþágu sem felur í sér kennslu á grundvelli erlendra eða alþjóðlegrar námskrár, sbr. 1. mgr. 46. gr. Þá getur skólastjóri, af hálfu viðkomandi sveitarfélags, veitt undanþágu til heimakennslu barns eða barna, sbr. 2. mgr. 46. gr. Þá er nám í sérskóla, sbr. 42. gr. grunnskólalaga undantekningu frá námi í almennum grunnskóla. Að lokum hefur verið viðurkenndur þjónustusamningur af hálfu Menntamálastofnunar við sjálfstætt rekinn sérskóla en ekki er fjallað sérstaklega um þá í lögum um grunnskóla.

Alþjóðlegar skuldbindingar, stjórnarskráin og sjálfstjórnunarréttur sveitarfélaga

Vísað er til umfjöllunar í skýrslu um löggjöf um sjálfstætt rekna grunnskóla og tillögur að lagabreytingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 16. febrúar 2016 (bls. 13).

„Hvorki skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum né grunnreglur stjórnarskrárinnar fela í sér skyldu til að leggja einkareknum grunnskólum til fjármagn af opinberu fé. Heimild sveitarfélaga til að hafna því að styrkja sjálfstætt reknaskóla gengur því ekki gegn slíkum kröfum. Hins vegar má færa fyrir því rök að takmarkanir sem nú eru fyrir hendi á möguleikum einkaaðila til að reka grunnskóla, þótt sveitarfélagi hafni fjárveitingum, brjóti í bága við slíkar skuldbindingar eða gangi nærri því.“

Jafnframt er þess getið að sveitarfélögum er heimilt á grundvelli 7. tli. 43. gr. laga um grunnskóla og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2. Fjárframlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla

Í 43. gr. b er fjallað um fjárframlög úr sveitarsjóði. Fram kemur:

Sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning skv. 43. gr. a á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Útreikningur Hagstofu Íslands skal liggja fyrir fimmta dag hvers mánaðar og byggjast á næsta mánuði á undan og taka mið af verðlagsbreytingum.

Sveitarfélög greiða framlög reglulega eftir því sem segir í þjónustusamningi. Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Sveitarfélögum er heimilt að greiða sérstakt stofnframlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla. Slík framlög verða eingöngu nýtt í þágu skólastarfsins.

Á grundvelli heimildar í 43. gr. f í lögum um grunnskóla hefur verið sett reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Í framangreindri reglugerð er fjallað um rétt til framlags úr sveitarsjóði í 7. gr. en þar kemur eftirfarandi fram:

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

Grunnskólar sem eru reknir af einkaaðila á grundvelli laga um grunnskóla og þjónustusamnings við sveitarfélag, sem hlotið hefur staðfestingu Menntamálastofnunar, eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar og vegna barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Sama gildir um grunnskóla sem þegar eru starfandi á grundvelli viðurkenningar ráðherra, en sveitarfélagi er þó heimilt í þjónustusamningi að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda.

Í þeim tilvikum þegar barn sækir sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags skulu lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag gera með sér samning á grundvelli 5. gr. grunnskólalaga áður en barn er innritað í viðkomandi skóla. Viðtökusveitarfélag hefur þá sömu skyldur gagnvart skólavist barnsins og ætti það lögheimili þar. Um framlag úr sveitarsjóði í slíkum tilvikum fer með sama hætti og vegna annarra barna sem sækja skóla sem reknir eru af sveitarfélögum utan lögheimilissveitarfélags.

Grunnskólar, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum en njóta framlags úr sveitarsjóði, skulu senda starfsáætlun, þar með taldar upplýsingar um kennslu og fjölda nemenda á næsta fjárhagsári til sveitarstjórnar eigi síðar en 1. maí ár hvert nema annað sé tekið fram í reglum sveitarfélags. Jafnframt skulu þeir grunnskólar sem gert hafa þjónustusamning við viðkomandi sveitarfélag senda því ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi.

Í 8. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur eftirfarandi fram:

Upphæð framlags úr sveitarsjóði.

Framlag skv. 8. gr. skal nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendum, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Útreikningur Hagstofu Íslands skv. 1. mgr. vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna.

Hagstofa Íslands tekur saman 90 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur og birtir fimmta dag hvers mánaðar, á tímabilinu frá október og fram til ágúst, framreiknað framlag skv. 1. mgr. Við framreikning þess skal tekið tillit til verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá ákvörðun framlags skv. 1. mgr., þ.e. almennra launahækkana starfsmanna grunnskóla og breytinga á vísitölu neysluverðs, miðað við vægi hvors þáttar í rekstrarkostnaði grunnskóla.

Sveitarfélög greiða framlög reglulega eftir því sem segir í þjónustusamningi. Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofu Íslands. Í þjónustusamningi sem sveitarfélag gerir við rekstraraðila sjálfstætt rekens grunnskóla er heimilt að semja sérstaklega um verðlagsbætur umfram útreikning Hagstofunnar skv. 3. mgr., svo sem um að sveitarfélag reikni breytingar á framlagi úr sveitarsjóði mánaðarlega á grundvelli launataflna í kjarasamningi grunnskólakennara.

Sveitarfélögum er heimilt að greiða sérstakt stofnframlag til sjálfstætt rekinnna grunnskóla. Slík framlög verða eingöngu nýtt í þágu skólastarfsins.

Óheimilt er að taka fjármuni sem rekja má til opinberra fjárveitinga í formi arðgreiðslu eða öðrum fjárhagslegum ávinningi fyrir eigendur sem ekki tengist rekstri og skólastarfi. Þessi takmörkun á einnig við ef hinn sjálfstætt rekni skóli er seldur.

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu mynda eftirtaldar upplýsingar grunn að vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar grunnskóla;

Í þessu samhengi er á það bent að Reykjavíkurborg, dags. 18. maí 2016 og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. maí 2016, bentu á við lagabreytingar sem gerðar voru árið 2016 að tilefni væri til að skoða reikniregluna hvað það varðar að kostnaður vegna sérkennslu sé meðtalin í útreikningi Hagstofu Íslands. Einnig séu dæmi um að kostnaður vegna lengdrar viðveru sé bókfærður sem grunnskólakostnaður. Þá var tekið fram að sjálfstætt reknir skólar fá greitt sérstaklega fyrir kostnað vegna stuðnings og sérkennslu. Þá kom fram hjá Reykjavíkurborg að gerð yrðu sú breyting að kostnaður vegna sérskóla og sérdeilda falli utan þeirrar fjárhæðar sem miðað sé við í útreikningi Hagstofu.

3. Réttur til skólaþjónustu og stoðkerfi grunnskóla

Skólaþjónusta

Í IX. kafla laga um grunnskóla er fjallað um skólaþjónustu og stoðkerfi grunnskóla. Í 1. mgr. 40. gr. kemur fram að sveitarfélög skuli tryggja að skólaþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í skólaþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Í 22. gr. reglugerðar nr. 444/2019 um skólaþjónustu kemur eftirfarandi fram:

Leik- og grunnskólar eiga rétt á skólaþjónustu sveitarfélags óháð rekstrarformi skóla.

Um skólaþjónustu í sjálfstætt reknum grunnskólum fer að öðru leyti samkvæmt samningi sem gerður er milli sveitarfélags og viðkomandi skóla sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Í 3. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur eftirfarandi fram;

Þjónustusamningi skulu m.a. koma fram atriði er varða innritun allra nemenda og áherslur í starfsemi skólans og fjárhagsleg samskipti. Í samningi skal einnig kveða á um fyrirkomulag skólaþjónustu og skólaaksturs, ef við á. Í samningi skal koma fram hvort rekstraraðili hafi heimild til gjaldtöku af foreldrum barns og hvaða skilyrðum hún sé háð. Kveða skal á um atriði sem varða gildi samnings, þar á meðal um reynslutíma, uppsagnarfrest og mat og eftirlit sveitarfélags með starfsemi skólans og upplýsingagjöf um skólahlæðing og réttindi og skyldur samningsaðila til að tryggja lögbundna þjónustu við nemendur. Loks skal í þjónustusamningi kveðið á um meðferð rekstrarafgangs af starfsemi skóla sem rekja má til opinberra fjárveitinga. Nýta skal slíkan rekstrarafgang til að efla skólastarf viðkomandi skóla.

Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur eftirfarandi fram:

Í þeim tilvikum þegar barn sækir sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags skulu lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag gera með sér samning á grundvelli 5. gr. grunnskólalaga áður en barn er innritað í viðkomandi skóla. Viðtökusveitarfélag hefur þá sömu skyldur gagnvart skólavist barnsins og ætti það lögheimili þar. Um framlag úr sveitarsjóði í slíkum tilvikum fer með sama hætti og vegna annarra barna sem sækja skóla sem reknir eru af sveitarfélögum utan lögheimilissveitarfélags.

Stuðningur við nemendur með sérþarfir

Samkvæmt samningi getur skólinn sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

Samkvæmt samningi getur skólinn sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

Skólaakstur

Samkvæmt 1. málslíð 22. gr. laga um grunnskóla bera sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum.

Í reglum skóla- og frístundasviðs um skólaakstur er ekki gert ráð fyrir slíkum akstri í sjálfstætt rekna grunnskóla né að nemendur þeirra fái afhent strætókort.

4. Húsnæði grunnskóla

Í 3. mgr. 20. gr laga um grunnskóla kemur fram að grunnskólahúsnæði og skólalóðir skuli uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum um grunnskóla, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Með stoð í framangreindri 20. gr. laga um grunnskóla hefur verið sett reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum. Þar er í 3. gr. er kveðið á um að húsnæði og skólalóðir skuli uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um grunnskóla, reglugerðar þessarar, aðalnámskrár grunnskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig beri að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan þeirra svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.

II

Frístundaheimili við sjálfstætt rekna grunnskóla

1. Frístundaheimili almennra grunnskóla og sjálfstætt rekinna grunnskóla

Í 33. gr. laga um grunnskóla er fjallað um tómsтуда og félagsstarf, þar kemur eftirfarandi fram að í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómsтуда- og félagsstarfi. Tómsтуда- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma, t.d. í félagsmiðstöð, í frístundastarfi eða skólahljómsveit.

Í 2. mgr. 33. gr. sömu laga kemur fram að sveitarfélögum sé heimilt að taka gjald fyrir tómsтуда- og félagsstarf samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt eru kæránlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

Í 33. gr. a. laga um grunnskóla kemur fram að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Jafnframt kemur fram að sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

Ráðuneytið gefur út, 1) að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærarlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

Reykjavíkurborg hefur sett reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar en þar kemur fram að gr. 1.c og gr. 9 fjalli jafnframt um frístundaheimili í sjálfstætt reknun grunnskólum.

Í gr. 1. c kemur eftirfarandi fram:

Í sjálfstætt reknun grunnskólum í Reykjavík sjá skólarnir sjálfir um þjónustu við börn eftir skólatíma. Framlag vegna dvalar reykvískra barna á frístundaheimilum í sjálfstætt reknun grunnskólum í Reykjavík er samkvæmt samningum þar um.

Í 9. gr. kemur eftirfarandi fram:

Börn sem þurfa á sértekum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika á frístundaheimili fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings sem unnin er í samvinnu við foreldra, deildarstjóra barnastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef barn sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi dvelur á frístundaheimili Reykjavíkurborgar og þarf á sértekum stuðningi að halda, þá þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Um framlag Reykjavíkurborgar vegna barna, sem eru með lögheimili í Reykjavík og njóta sérteks stuðnings í frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla eða grunnskóla utan Reykjavíkur, gilda sömu reglur og fjárhæðir og vegna barna í frístundaheimilum sem rekin eru af Reykjavíkurborg.

2. Fjáframlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila

Það var mat SFS að það yrði að fá úr því skorið með hvaða hætti sveitarfélögum yrði bættur fyrirsjáanlegur aukinn kostnaður vegna lagabreytingar í tengslum við aukin framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra þar sem frá og með 1. júlí 2016 var grunnskólum gert skylt að bjóða nemendum í yngri árgöngum þjónustu frístundaheimila. Erindi þess efnis var sent til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í svari ráðuneytisins, dags 18. október 2018, er afstaða ráðuneytisins rakin. Í framangreindu svari kemur fram að sveitarfélagið hafi heimilt til að útvista rekstri frístundaheimila til einkaaðila, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í bréfinu er það jafnframt rakið að rekstur frístundaheimilis sé ekki innfalinn í fjáframlögum sveitarfélags til sjálfstætt rekin skóla samkvæmt 43. gr. b og því þyrfti sveitarfélagið að semja sérstaklega um greiðslur fyrir slíka þjónustu. Lögin hafi ekki viðmið um hve háár slíkar greiðslur ættu að vera.

Gerður hefur verið samningur um greiðslu framlags vegna frístundaheimila sjálfstætt rekinna grunnskóla, síðast vegna skólaársins 2020 – 2021. Framlagið var byggt á eftirfarandi forsendum:

- a) Framlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsnæðiskostnaðar) við börn í borgarreknun frístundaheimilum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekinna frístundaheimila, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 9,5 mánaða tímabil. Heildarkostnaður (án húsnæðiskostnaðar) við hvert barn er kostnaður pr. barn í 5 daga vistun á viku. Barn sem dvelur í frístundaheimili skemur en 5 daga er uppreiknað í

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

5 daga vistun með því að deila í fjölda vistunardaga með 5, barn sem dvelur í 4 daga í viku reiknast sem $4/5 = 0,8$. sjá töflu í grein 2.2.

- b) Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 75% af áætluðum árlegum heildar rekstrarkostnaði og endurskoðast árlega, sbr. skilgreiningu í gr. 2.1, á hvert barn borgarrekkinna frístundaheimila deilt með 9,5 þ.e. 4,25 mánuðir á haustönn og 5,25 mánuðir á vorönn.
- c) Úthlutun er eftirfarandi:

- o Barn í 5 daga vistun á viku eða yfir 17 kl. tíma á viku, greitt fullt framlag.
- o Barn í 4 daga vistun á viku eða 13 til 16 kl. tíma á viku, greitt 80% af heildar framlagi.
- o Barn í 3 daga vistun á viku eða 9 til 12 kl. tíma á viku, greitt 60% af heildar framlagi.
- o Barn í 2 daga vistun á viku eða 5 til 8 kl. tíma á viku, greitt 40% af heildar framlagi.
- o Barn í 1 daga vistun á viku eða 1 til 4 kl. tíma á viku, greitt 20% af heildar framlagi.

- d) Vegna systkina gildir eftirfarandi:

Greitt er hærra framlag til skólans til lækkunar á gjaldskrá skólans gagnvart foreldrum ef systkini, tvö eða fleiri dvelja í frístundaheimili skólans fyrir sama fjölda daga/stunda og yngra/ýngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini á starfstíma grunnskóla sem nemur 100% af framlagi fyrir hvert barn/afslætti af gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila Reykjavíkur að því gefnu að fjölskyldunúmer í þjóðskrá og lögheimili sé það sama. Ef systkini eru fleiri en tvö er greitt hærra framlag sem nemur 100% af framlagi fyrir hvert barn /afslætti af gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila Reykjavíkur vegna allra barnanna að undanskyldu því yngsta.

Það sama gildir ef barn í frístundaheimili skólans á yngra/ýngri systkini í vistun í leikskóla borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða til sjálfstætt rekens leikskóla, yngri systkin er í frístundaheimili Reykjavíkurborgar eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis.

Foreldrar skulu alltaf skal greiða gjald vegna yngsta barns.

Skilyrði fyrir afslætti vegna systkina er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar og því ekki veittur afsláttur vegna systkina.

Ekki er veittur systkinaafsláttur af gjaldi vegna þjónustu á foreldradögum og starfsdögum.

III

Sjálfstætt reknir leikskólar

1. Almennir leikskólar og sjálfstætt reknir leikskólar

Lög um leikskóla gilda um alla

Í 1. mgr. 1. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að lögini taki til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólástigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi.

Í 3. málslíð 1. mgr. 25. gr. laga um leikskóla kemur fram að um sjálfstætt rekna leikskóla gildi sömu lög og reglur og um aðra leikskóla samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

Rekstur leikskóla er á ábyrgð sveitarfélaga

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

Samkvæmt 4. gr. laga um leikskóla bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, skólaþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.

Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga um leikskóla sinna sveitarfélög mati og eftirliti með gæðum skólustarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólustefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að taka við upplýsingum samkvæmt grein þessari.

Á grundvelli laga um leikskóla hefur verið sett reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 893/2009.

Sjálfstætt reknir leikskólar

Til samræmis við 1. mgr. 25. gr. laga um leikskóla veitir Reykjavíkurborg sjálfstætt reknum leikskólum leyfi til að byggja og reka leikskóla. Í 25. gr. laga um leikskóla kemur fram að sveitarstjórn getur leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Heimilt er að binda leyfi sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda barna. Um slíka leikskóla gilda sömu lög og reglur og um aðra leikskóla samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnýslulaga við töku ákvarðana sem kærarlegar eru skv. 30. gr. laga þessara. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um veitingu rekstrarleyfa. Skulu þær birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélags.

Í rekstrarleyfi skal skýrt kveðið á um réttindi og skyldur rekstraraðila samkvæmt lögum þessum. Í rekstrarleyfi skal sérstaklega fjallað um þagnarskyldu starfsfólks, sbr. 8. gr., um húsnæði og fjölda barna, sbr. 12. gr., og um gerð skólanámskrár, sbr. 14. gr., um skyldur rekstraraðila til þess að meta með reglubundnum hætti árangur og gæði skólustarfsins, sbr. 18. gr., láta sveitarstjórn í té gögn og upplýsingar vegna eftirlits, sbr. 19. gr., og um skipulag og framkvæmd skólaþjónustu, sbr. 21. og 22. gr. Sveitarstjórnnum er heimilt að gera samning við viðkomandi skóla um fyrirkomulag þjónustu og gjaldtöku.

Sveitarstjórn skal tilkynna ráðuneytinu um veitingu rekstrarleyfis sem og ef rekstrarleyfi fellur úr gildi. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að taka við tilkynningum samkvæmt þessari grein.

Reykjavíkurborgar hefur sett reglur um rekstrarleyfi leikskóla.

Leikskólakerfið

Lög um leikskóla eru tæmandi um það hverjir geta rekið leikskóla.

Almenna reglan er sú að sveitarfélag reki leikskóla en það getur síðan leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi eins og áður kom fram.

Þá getur ráðherra veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum leikskólum heimild til að reka þróunarleikskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólustarfs með undanþágu frá ákvæðum laga um leikskóla, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár leikskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

Samkvæmt lögum um leikskóla er heimilt að styrkja þróunarleikskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

Alþjóðlegar skuldbindingar

Vísað er til þess er fram kemur í umfjöllun í kafla I þar sem fjallað er um alþjóðlegar skuldbindingar og grunnskóla.

2. Fjárframlög til sjálfstætt rekinna leikskóla

Í lokamálslið 2. mgr. 25. gr. laga um leikskóla kemur fram að sveitarstjórnnum sé heimilt að gera samning við viðkomandi skóla um fyrirkomulag þjónustu og gjaldtöku. Í ákvæðinu er kveðið á um

Í 1. mgr. 26. gr. laga um leikskóla er fjallað um innritun en þar kemur fram að sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Þessar reglur eru annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins.

Á grundvelli framangreinds hefur Reykjavíkurborg sett reglur um leikskólaþjónustu sem eiga við um sjálfstætt rekna leikskóla þegar það er tekið fram.

Í þessu samhengi er tekið fram að samkvæmt 27. gr. laga um leikskóla er sveitarstjórnnum heimilt að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla. Gjaldtaka fyrir hvert barn má þó ekki nema hærrí fjárhæð en nemur meðalraunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins.

Í 2. mgr. 26. gr. sömu laga kemur fram að ákvæði þessarar greinar taka ekki til leikskóla sem fengið hafa rekstrarleyfi skv. 25. gr. nema kveðið sé á um slíkt í þjónustusamningi sem sveitarfélag gerir við aðila sem fengið hefur rekstrarleyfi skv. 25. gr.

Skilyrði framlags er háð því að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. SFS greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við SFS. Þessi skilyrði eru könnuð við skráningu barns í leikskólakerfið Völu. Einu sinni á dag er skráin samkeyrð við þjóðskrá til að tryggja að skilyrði um lögheimili í Reykjavík sé uppfyllt.

Hámarksfjöldi barna

Hámarksfjöldi barna sem greitt er framlag með kemur fram í samningi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst á dag eða skemur telst vera í hálfsvistun. Tvö börn í hálfsvistun reiknast sem eitt barn í heilsvistun. Leyfilegur hámarksfjöldi leikskólabarna sem greitt er framlag með samkvæmt þjónustusamningi um sjálfstætt starfandi leikskóla er 1.500. Meðalfjöldi reykvískra nemenda á tímabilinu janúar – október var hins vegar 1.169 eða tæplega 80% af leyfilegum hámarksfjölda.

Rekstrarframlagið

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði við börn í borgarreknun leikskólum skv. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar sem ekki er inn í áætlun. Heildarkostnaður við hvert barn er þrískiptur: a) rekstrarframlag fyrir hvert barn, b) framlag fyrir hvert dvalargildi, auk þess er greitt c) húsnæðisframlag fyrir hvert barn.

- a) Mánaðarlegt rekstrarframlag nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum. Hámarksgreiðsla foreldra barna 18 mánaða og eldri miðast við gjaldskrá SFS vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15 en fyrir börn yngri en 18 mánaða er margföldunarstuðullinn 2.15
- b) Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra. Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna reiknast til hækunar eða

lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi. Fjárhagsáætlun SFS liggur til grundvallar útreikningi og endurskoðast rekstrarframlagið árlega, almennt í janúar ár hvert.

- c) Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.
- d) Húsnæðisframlag fyrir hvert barn miðast við áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli og deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi.
- e) Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasvið, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

3. Réttur til skólaþjónustu og stoðkerfi leikskóla

Skólaþjónusta

Í VIII. kafla laga um leikskóla er fjallað um skólaþjónustu og stoðkerfi leikskóla. Í 21. gr. laganna kemur fram að á vegum sveitarfélaga skuli rekin skólaþjónusta fyrir leikskóla. Í skólaþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við *starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra*. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag skólaþjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla.

Í 22. gr. laga um leikskóla kemur fram að börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og skólaþjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra.

Jafnframt kemur fram að leikskólastjóri skuli samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.

Við framkvæmd skólaþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi.

Í 22. gr. reglugerðar nr. 444/2019 um skólaþjónustu kemur eftirfarandi fram:

Leik- og grunnskólar eiga rétt á skólaþjónustu sveitarfélags óháð rekstrarformi skóla.

Um skólaþjónustu í sjálfstætt reknum grunnskólum fer að öðru leyti samkvæmt samningi sem gerður er milli sveitarfélags og viðkomandi skóla sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Stuðningur við nemendur með sérþarfir og með annað móðurmál en íslensku

Samkvæmt núgildandi samningi mun skóla- og frístundasvið greiða fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvísk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag. Samkvæmt samningi getur skólinn sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

4. Húsnæði leikskóla

Í V. kafli. laga um leikskóla er fjallað um skólahúsnæði og aðstöðu í leikskólum. Í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur fram gerð leikskólahúsnæðis skuli taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir skólaþjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.

Í 2. mgr. 12. gr. sömu laga kemur fram að við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldersdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Á grundvelli heimildar í 12 gr. hefur verið sett reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla.

Viðauki 2: Fyrirmynd að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi skóla

Samningur

Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og [rekstraraðili] um framlag vegna rekstur leikskólans [heiti leikskóla]

I. Kafli

Aðilar, tengiliðir, ábyrgð á faglegu starfi og reglur sem ná til sammingsins.

1. gr.

Aðilar og tengiliðir

1.1 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt SFS gerir þennan samning við rekstraraðilann [rekstraraðili] kt. 540599-2039, hér eftir nefndur leikskólinn í samningnum.

1.2 Tengiliður fyrir hönd leikskólans er [tengiliður]. Tengiliður fyrir hönd SFS er [tengiliður]. Tengiliðir skulu leggja áherslu á að koma erindum og úrlausnarefnum fljótt og vel í réttan farveg og hraða afgreiðslu þeirra, jafnframt að skrá og geyma minnisatriði um samskiptin og hvernig hverju úrlausnarefni er lokið.

1.3 SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum sjálfstætt starfandi leikskóla á fundi sem SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík þar sem til umfjöllunar eru sameiginleg málefni allra leikskóla. Jafnframt skal bjóða stjórnendum sjálfstætt starfandi leikskóla að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar. Þá skal halda fundi með stjórnendum sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík í kjölfar samþykktar fjárhagsáætlunar þar sem farið er yfir grundvöll framlaga til sjálfstætt starfandi leikskóla.

2. gr.

Ábyrgð á faglegu starfi leikskóla

2.1 Í verkefninu felst full og óskipt ábyrgð á framkvæmd faglegs leikskólastarfs samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla sem og öðrum lögum og reglum er gilda um starfsemi leikskóla hverju sinni. Þá skal leikskólinn taka mið af reglum um leikskólaþjónustu. Framkvæmd sjálfstætt starfandi leikskóla skal byggja á Menntastefnu Reykjavíkurborgar og taka mið af Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Með faglegu leikskólastarfi er átt við nám, kennslu, umönnun, uppeldi og sérkennslu.

2.2 Við leikskólann skal vera leikskólastjóri í fullu starfi (100%) sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Til samræmis við lög um leikskóla stjórnar leikskólastjóri daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Leikskólastjóri stuðlar að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð barna að markmiði. Leikskólastjóri boðar til kennara- og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Samkvæmt lögum um leikskóla er það jafnframt ófrávíkjanlegt skilyrði að leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari hafi menntun leikskólakennara, sjá nánar í lögum nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

2.2 Gefa skal út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu sveitarfélagsins. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega.

3.

Lög og reglur sem rekstraraðilanum ber að fara eftir, orðanotkun

3.1 Samningur þessi er gerður í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi leikskóla en framlag SFS er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík.

3.2 Ákvæði þessa samnings sem vísa til reglna Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á viðkomandi reglum án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu SFS. Þegar reglurnar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla er það sérstaklega tekið fram.

3.3 Um rekstur leikskólans gilda sömu lög og reglur og gilda um aðra leikskóla sbr. 1. mgr. 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Þá er allt starfsmannahald á ábyrgð rekstraraðila. Í viðauka 1 er nánari útlitun á lögum, reglugerðum, reglum, samþykktum og stefnum.

3.4 Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnarsýslulaga við töku ákvarðana sem eru kæránlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla til samræmis við 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfseminna.

3.5 Skólinn aflar og kannar sakavottorð starfsmanna og tryggir að þeir standist þær kröfur sem leiða af 6. gr. laga um leikskóla. Samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

3.6 Leikskólanum ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á .m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

3.7 Leikskólanum ber með sama hætti og leikskólum Reykjavíkurborgar að fylgja fyrirmælum neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar ef lýst hefur verið yfir neyðarástandi til samræmis við lög nr. 82/2008 um almannavarnir.

3.7 Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans.

Leikskólinn og SFS hafa gert með sér samkomulag um vinnslu persónuupplýsinga á milli sameiginlegra ábyrgðaraðila.

Leikskólinn og SFS bera hvor um sig ábyrgð á þeirri vinnslu sem þeir inna af hendi samkvæmt gildandi lögum og reglum, sem og samkvæmt samningi um sameiginlega ábyrgð og ákveða um aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga að svo miklu leyti sem þeir hafa ekki komið sér saman um annað.

3.8 Í viðauka 1 er að finna yfirlit yfir notkun orða og hugtaka í samningnum.

II. Kafli

Umfang þjónustu

3. gr.

Opnunartími leikskóla og fæði

3.1 Rekstraraðili skal veita leikskólaþjónustu alla virka daga ársins, að frátalinni lokun vegna sumarleyfis leikskólabarna í 20 virka daga, aðfangadags jóla, gamlársdags og sex skipulagsdaga. Leitast skal við að skipulagsdagar leikskólans og grunnskóla í hverfinu fari saman. Með leikskólaþjónustu er átt við þá kennslu og uppeldisstarf sem alla jafna fer fram í leikskóla ásamt sérkennslu við þau börn sem hana þurfa til samræmi svið lög um leikskóla.

3.2 Samningurinn tekur til leikskólareksturs frá kl. 07:30 til 16:30. Rekstraraðila er heimilt að hafa lengri þjónustutíma ef það samrýmist ákvæðum laga og reglugerða, meðal annars um leikskólastarfsemi og vernd barna og ungmenna, að því tilskyldu að hann beri tilfallandi kostnað af því.

3.3 Börn skulu fá máltíðir í leikskólanum, þ.e. morgunhressingu, hádegismat og síðdegishressingu, í samræmi við ráðleggingum um mataræði og næringarefni frá Embætti landlæknis.

4. gr.

Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku

4.1 SFS mun greiða fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir börn með lögheimili í Reykjavík sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

4.2 Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

4.3. Leikskólinn á rétt á skólaþjónustu í fjölskyldumiðstöð í hverjum borgarhluta til samræmis við reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu.

5. gr.

Innritun og dvalarsamningur

5.1 Reglur Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu gilda um umsókn og innritun í leikskólann með sama hætti og gagnvart leikskólum Reykjavíkurborgar. Reglurnar skulu birtar á heimasíðu leikskólans.

5.2. Samkvæmt reglum um leikskólaþjónustu er það skilyrði innritunar að barn sé með lögheimili í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

. 5.2 Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst og á það við jafnt um ungbarnaleikskóla, almennar deildir og ungbarnadeildir, sjá nánar í reglum um leikskólaþjónustu.

Foreldrar sem vilja sækja um pláss í leikskólanum gera það með umsókn á vef Reykjavíkurborgar, þeim sama og þegar sótt er um leikskóla hjá Reykjavíkurborg. Í umsókn komi fram óskir um þjónustu, þ.á.m. í hvaða leikskóla þjónustan verði veitt. Þannig er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi skólar noti innritunarkerfi Völu leikskóla varðandi umsóknir, innritun og umsýslu biðlista (<https://vala.is/>).

5.3 Foreldrar barna með lögheimili í Reykjavík eigi forgang að allt 90 % af lausum plássum leikskólans fram yfir umsóknir vegna barna með lögheimili í öðrum sveitarfélögum út frá rekstrarleyfi leikskólans að því gefnu að heimilt sé að greiða framlag til þess fjölda samkvæmt samningi þessum.

5.4 Leikskólinn vinnur að innritun barna í samráði við SFS og eftir þeim reglum sem gilda um innritun hjá SFS vegna leikskóla Reykjavíkurborgar. Leikskólinn skal skrá breytingar á dvalarsamningi og tilkynna SFS þegar pláss losnar í leikskólanum með skráningu í umsýslukerfið sem nú er Vala leikskóli.

5.5 Óheimilt er samkvæmt samningi þessum að neita börnum um leikskóladvöl á grundvelli sérþarfa barnsins.

5.6 Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra/ leikskólanum og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir SFS þegar óskað er eftir þeim. Heimilt er að undirrita með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni.

III. Kafli

Gjaldskrá, dvalar- og fæðisgjöld

6. gr.

Gjaldskrá

Gjaldskrá leikskólans má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá SFS vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara, sjá nánar í 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

7. gr.

Náms- og fæðisgjöld

Gjöld vegna náms og fæðis barna, einu nafni leikskólagjöld, í leikskólanum skulu miðast við gjaldskrá SFS sbr. 9 gr. Gjöld renna milliliðalaust til leikskólans og er gerð mánaðarlegra reikninga fyrir gjöldum og innheimta þeirra á verksviði og ábyrgð hans.

Á hverjum reikningi til foreldra skal meðal annars koma fram nafn og kennitala barns, lögheimili og fast aðsetur, tímabil sem rúkað er fyrir og fjöldi dvalartíma á dag. Rekstraraðili skal vista afrit reikninga skipulega og aðgengilega, þannig að SFS geti sannreynt þessar upplýsingar þegar hann óskar.

Leikskólinn skal jafnframt skrá ofangreindar upplýsingar um hvert barn í Völu leikskóla/umsýslukerfið auk þess sem gert er ráð fyrir að foreldrar hvers barns staðfesti upplýsingarnar. Leikskólinn skráir einnig barngildi og dvalargildi hvers barns í Vala-umsýslukerfi dvalargildi mánaðar í heild og barnafjölda mánaðar í heild og staðfestir upplýsingar í heild.

Afrit staðfestingarblaðsins í upphafi annar er síðan fylgiskjal með reikningi rekstraraðila til verkkaupa.

IV. Kafli

Húsnæði, búnaður og fjöldi starfsfólks

8. gr.

Húsnæði, fjöldi barna og starfsfólks

8.1 Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuáðstöðu starfsfólks.

8.2 Til samræmis við lög um leikskóla skal við ákvörðun fjölda barna í leikskóla m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps. Ekki er heimilt að vera með fleiri börn en rekstrarleyfi leikskólans kveður á um.

8.3 Við ákvörðun um fjölda starfsfólks ber að taka tillit til viðmiða SFS um barngildi sem fram koma í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Viðmið SFS geta tekið breytingum og gilda þá sömu breytingar fyrir leikskólann.

8.4 Leikskólanum ber að vera með viðbragðsáætlun ef til faliðunar kemur og ber honum að birta hana á heimasíðu sinni. Leikskólanum ber að tilkynna SFS ef til þess kemur að senda þurfi börn heim vegna faliðunar.

9. gr.

Lóð og húsnæði í eigu verkkaupa

Grein þessi gildir í þeim tilvikum þegar lóð og húsnæði er í eigu Reykjavíkurborgar. Rekstraraðili greiðir ekki sérstaka leigu fyrir þessa aðstöðu á samningstímanum og nýtur ekki sérstaks húsnæðisframlags sbr. X. gr.

Um er að ræða [tiltaka hér stærð lóðar og húsnæðis].

Leikskólinn skal leggja til rekstursins allan nauðsynlegan stofnbúnað til leikskólastarfs svo sem borð, stóla, önnur húsgögn og föst leiktæki á lóð (samanber búnaðarlista).

Leikskólinn skal viðhalda húsnæði og búnaði eftir sambærilegum forsendum og hjá öðrum leikskólum verkkaupa. Leikskólinn skal fylgjast með að húsnæði og búnaður sé ávallt fullnægjandi til leikskólastarfs og tilkynna verkkaupa ef hann telur þörf á viðhaldi.

Leikskólinn skal leggja til leikföng og lausan búnað svo sem tölvubúnað o.s.frv. Leikskólinn skal halda sínum búnaði við og endurnýja hann eftir þörfum á samningstímanum.

Sé samningi rift eða hann ekki endurnýjaður skal sá búnaður sem leikskólinn lagði til vera eign hans. Stofnbúnaður og sá hluti hans sem verkkaupi hefur endurnýjað skal vera eign verkkaupa.

Afnotaréttur lóðar, húsnæðis og búnaðar miðast við gildistíma samningsins.

Við lok samningstíma eða ef samningurinn fellur úr gildi vegna uppsagnar eða vanefnda missir rekstraraðili allan rétt til afnota húsnæðis og er skylt að afhenta það verkkaupa í ekki lakara ástandi og við upphaf samningstíma, enda hafi fullnægjandi viðhald átt sér stað af hálfu verkaupa.

10. gr.

Lóð og húsnæði í eigu leikskólans

Grein þessi gildir í þeim tilvikum þegar lóð og húsnæði er í eigu rekstraraðila. Í þeim tilfellum nýtur rekstraraðili sérstaks húsnæðisframlags sbr. x. gr.

Um er að ræða [tiltaka hér stærð lóðar og húsnæðis].

Rekstraraðili skal leggja til rekstursins allan nauðsynlegan stofnbúnað til leikskólastarfs svo sem borð, stóla, önnur húsgögn og föst leiktæki á lóð.

Rekstraraðili skal sinna viðhaldi á húsnæði og búnaði þannig að húsnæði og búnaður sé ávallt fullnægjandi til leikskólastarfs.

Rekstraraðili skal leggja til leikföng og lausan búnað svo sem tölvubúnað o.s.frv. Rekstraraðili skal halda sínum búnaði við og endurnýja hann eftir þörfum á samningstímanum.

Sé samningi rift eða hann ekki endurnýjaður skal sá búnaður sem rekstraraðili lagði til vera eign hans.

11. gr.

Úttekt á húsnæði og lóð

Húsnæði, skólalóð og allur búnaður skal uppfylla kröfur laga nr. 90/2008 um leikskóla, reglugerðar þessarar, aðalnámskrár leikskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Jafnframt ber að tryggja að fram fari lögbundið eftirlit með leikvallartækjum og leiksvæðum. Leggja ber fram vottorð sem staðfesta framangreint.

12. gr.

Önnur starfsemin og notkun lóðar, húsnæðis eða búnaðar.

Samningurinn tekur ekki til annars reksturs en leikskólastarfs og þáttum sem tengjast því starfi og er önnur starfsemi og notkun lóðar, húsnæðis og búnaðar óheimil, nema með sérstökum viðbótarsamningi..

Ef viðbótarsamningur verður gerður, skal hann tilgreina og afmarka aukna nýtingu á húsnæði og búnaði og jafnframt tilgreina og afmarka hvaða önnur starfsemi væri heimil, enda skal hún samræmast því starfi sem fram fer í leikskólanum. Slíkur samningur verður að tiltaka það ófrávíkjanlega skilyrði að húsnæði og búnaður sé ávallt í fullnægjandi ástandi og til fullra nota til leikskólastarfs á þjónustutíma leikskólans.

V. Kafli

Fjárhagsleg ábyrgð og váttryggingar

13. gr.

Fjárhagsleg staða og framsal samnings

Rekstraraðili ber fjárhagslega ábyrgð á allri framkvæmd samningsins. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Rekstraraðila er óheimilt að framselja samninginn eða réttindi samkvæmt honum. Jafnframt er óheimilt að veðsetja samninginn eða tengja hann á nokkurn hátt öðrum álíka löggerningi.

14. gr

Ábyrgð leikskólans, váttryggingar rekstraraðila og SFS

14.2 Um ábyrgð leikskólans fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

14.3 Leikskólinn ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verkefnisins. Enn fremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda SFS eða þriðja aðila meðan á verkefninu stendur og við framkvæmd þess.

14.4 Gerð er krafa um að leikskólinn kaupi að lágmarki ábyrðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi leikskólans og vinnu starfsfólks hans.

14.5 Leikskólinn ber ábyrgð verkefninu og framkvæmd þess auk þess tjóns er SFS eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

14.6 Slysatriggingu starfsfólks samkvæmt samningi þessum, skal leikskólinn annast og kosta, sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld, sem fylgja því að hafa fólk í vinnu og selja efni og þjónustu.

14.7 Rekstraraðili skal kaupa allar lögbundnar og aðrar viðeigandi váttryggingar hjá viðurkenndu váttryggingafélagi (og viðskipabanka ef við á) sem innifela þessa ábyrgð, svo sem ábyrgðar-, rekstrar-

og slysatryggingar og einnig munatryggingar vegna eigna og búnaðar rekstraraðila sem þarf til rekstursins.

Rekstraraðili skal því hafa a.m.k. eftirfarandi vátryggingar:

1. Frjáls ábyrgðartrygging
2. Slysatryggingar starfsmanna
3. Brunatrygging lausafjár rekstraraðila

Verkkaupi skal hafa eftirfarandi vátryggingar:

1. Húseigendatrygging
2. Brunatrygging húsnæðis og lausafjár verkkaupa
3. Slysatrygging leikskólabarna

16. gr.

Verktrygging og fleira

Rekstraraðili skal kaupa hjá viðurkenndu vátryggingafélagi eða viðskiptabanka verktryggingu.

Verktryggingin skal vera óafturkallanleg og óafturkræf trygging fyrir því að rekstraraðili efni skyldur sínar samkvæmt samningi. Upphæð tryggingar skal vera kr. [jafngild kostnaði vegna þriggja mánaða reksturs leikskólans] og vera verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs með [dagsetning] sem grunn, uppreiknast um hver áramót og þannig orðuð að verkkaupi geti krafist greiðslu hennar, án undangengins dómsúrskurðar.

Vátryggingar í heild skulu tryggja hagsmuni þeirra aðila sem tengjast framkvæmd samningsins, svo sem verkkaupa, rekstraraðila sjálfs, barna og annarra, meðal annars á þann veg að rekstur og þjónusta raskist ekki, þótt slysa- og eignatjón verði eða samningsaðilar, annar hvor eða báðir, geri dómssátt eða verði dæmdir til greiðslna hvers konar skaðabótakrafna í tengslum við samninginn. Rekstraraðili skal sjá til þess að undirverktakar kaupi tryggingar með sama hætti.

16. gr.

Undirverktakar og kvittanir fyrir vátryggingum

Ef rekstraraðili ræður undirverktaka í tiltekna verkþætti í leikskólann skal rekstraraðili tryggja að þeir hafi jafnframt sams konar vátryggingavernd og að ofan greinir gagnvart honum, enda telst hann að fullu ábyrgur vegna athafna eða athafnaleysi þeirra. Óheimilt er að ráða undirverktaka til að sinna faglegu leikskólastarfi.

Rekstraraðili skal sjá til þess að verkkaupi geti haft í leikskólanum aðgang að öllum vátryggingaskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöldum eða staðfestingum á að viðkomandi vátryggingar séu í gildi á hverjum tíma.

18. gr.

Upplýsingar um váttryggingar verkkaupa

Rekstraraðili nýtur þeirrar váttryggingaverndar vegna húsnæðis leikskóla og slysa leikskólabarna sem verkkaupi hefur samið um við váttryggingafélag, eins langt og hún nær á hverjum tíma, samkvæmt staðfestingu sem váttryggingafélag lætur í té. Verkkaupi skal láta rekstraraðila í té afrit af gögnum um váttryggingavernd verkkaupa, svo sem váttryggingaskilmála og jafnframt óska staðfestingar váttryggingafélags á að váttryggingavernd verkkaupa gildi einnig fyrir rekstraraðila og alla þá starfsemi hans sem við á og váttryggingaverndin nær til.

VI. Kafli

Eftirlit og upplýsingagjöf

18. gr.

Innra mat rekstraraðila

Leikskólinn skal meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á sbr. 18. gr. laga um leikskóla.

19. gr.

Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi og rekstri leikskólans, m.a. sbr. 19. gr. laga um leikskóla, og einnig eftirlit með efndum samningsins.

Sömu kröfur eru gerðar til eftirlits með sjálfstætt starfandi skólum og borgarreignum skólum.

Nánar

21. gr.

Upplýsingagjöf

Samningsaðili skal hafa rekstrar- og bókhaldslegar upplýsingar aðgengilegar fyrir SFS og SFS hafa rétt til að skoða þær þegar hann óskar. Jafnframt ber að veita SFS allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem SFS kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

Árlega skal rekstraraðili skila til verkkaupa eftirfarandi gögnum:

1. Starfsáætlun fyrir komandi leikskólaár, byggða á skólanámskrá, ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni sem í dag er xxx .
2. Ársskýrslu næstliðins leikskólaárs, fyrir lok ágúst ár hvert.
3. Skóladagatal leikskólans, fyrir lok ágúst ár hvert.
4. Gjaldskrá, fyrir lok ágúst, ár hvert.
5. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna SFS þegar þær taka gildi.

6. Hlutfall fagmenntaðra starfsfólks fjölda starfsfólks og starfshlutfall mánaðarlega eigi síðar en xxx.
7. Húsnæðiskostnaður mánaðarlega og eigi síðar en XXX. Upplýsa skal hvort reksturinn sé í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði og þá leigusali.
8. Viðmið leikskólans um þörf á starfsfólki miðað við samsetningu barnahópsins og viðmið SFS, fyrir lok ágúst ár hvert og þegar breytingar verða.
9. Endurskoðaður ársreikningur um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju, auk skýrslu stjórnar, fyrir 1. maí ár hvert. Í þeim tilvikum þar sem rekstraraðili rekur fleiri en einn skóla má óska eftir sundurliðun rekstrar þess skóla sem verkkaupi kaupir þjónustu af.
Í skýringum komi fram sundurliðun tekna og gjalda, þ.m.t. launa, stjórnunar- og starfsmannakostnaðar, vegna þeirrar þjónustu sem veitt er, sundurliðað frá annarri starfsemi leikskólans. Ef skólinn leigir húsnæði eða kaupir aðra þjónustu af öðrum lögaðila í eigu sömu aðila skal leggja fram sundurgreindan endurskoðaðan ársreikning samstæðu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu vera aðgengilegar í leikskólanum á hverjum tíma:

1. Áætlun um innra mat á skólastarfi og innra mat sbr. 18. gr. laga 90/2008.
2. Afrit kvittana um tryggingar.
3. Dvalarsamningur og breytingar á honum.
4. Upplýsingar um menntun starfsfólks og starfshlutfall
5. Önnur gögn sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins.

21. gr.

Samþykki vegna greiðslu framlags og skoðun

21.1 SFS hefur rétt á að kanna upplýsingar sem rekstraraðili byggir mánaðarlegt uppgjör á og gera rökstuddar athugasemdir ef við á og getur þá greiðsla frestast, að hluta eða öllu leyti. Annars samþykkir SFS greiðslu á grundvelli skráninga í Völu leikskóla og greiðsla fer fram. Þrátt fyrir að SFS hafi samþykkt og greitt samkvæmt skráningu í Völu – leikskóla hefur SFS engu að síður rétt á að skoða uppgjör og forsendur þeirra á gildistíma samningsins, bera fram fyrirspurnir eða rökstuddar athugasemdir og taka upp eldri uppgjör, ef upplýsingar eða aðrar forsendur fyrir uppgjörum orka tvímælis. Leikskólinn skal veita SFS upplýsingar og aðstoð eftir þörfum við slíka vinnu. Eftir því sem við á á rekstraraðili sambærilegan rétt til að taka upp eldri uppgjör.

22. gr.

Bókhald og endurskoðun ársreikninga

22.1 Samningsaðili sér um á sinn kostnað um að færa bókhald vegna allra rekstrarþátta í starfseminni. Ársreikningur samningsaðila þarf að vera endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og vera með fullri áritun hans og álit. Í skýringum með ársreikningi komi fram sundurliðun tekna og gjalda, þ.m.t. launa, stjórnunar- og starfsmannakostnaðar, vegna þeirrar þjónustu sem veitt er borginni sundurliðað

frá annarri starfsemi félagsins. Ef skólinn leigir húsnæði eða kaupir aðra þjónustu af öðrum lögaðila í eigu sömu aðila skal leggja fram sundurgreindan endurskoðaðan ársreikning samstæðu. Framlögð gögn skv. ofangreindu eiga að leiða í ljós hvort fleiri en eitt félag sömu eigenda komi að rekstri viðkomandi skóla og þá hvort eignatengslin og viðskiptahættir séu eðlilegir og eins og á milli óskyldra aðila að mati endurskoðenda. Endurskoðaður ársreikningur á jafnframt að leiða fram í skýringum kröfur eigenda á rekstrarfélagið og kröfur félagsins á eigendur, viðskipti rekstrarfélagsins við eigendur og hvort þessir gerningar standist skoðun að mati ytri endurskoðenda viðkomandi félags eða eftir atvikum samstæðu félaga. Endurskoðunarskýrsla ytri endurskoðenda skal fylgja með ársreikningsgögnum

23. grein

Upplýsingagjöf til Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar

Rekstaraðila ber að láta Innri endurskoðun borgarinnar í té þær upplýsingar sem hún kann að óska eftir.

VII. Kafli

Rekstrarframlag

24. gr.

Fjöldi barna og vistunartími

[Fjöldi barna sem greitt er framlag vegna á aldrinum 12 mánaða til sex ára er að hámarki XXX þar af xxx á aldrinum 12 til 18 mánaða nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn.]

[Fjöldi barna sem greitt er framlag vegna á aldrinum 9/12 mánaða til 36 mánaða er að hámarki XXX nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn.]

Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsvistun. Tvö börn í hálfsvistun reiknast sem eitt barn í heilsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

25. gr.

Skilyrði fyrir framlagi SFS

25.1 SFS greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum ef barn er með lögheimili og fasta búsetu í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum með leikskólagjöld við SFS. Áður en leikskóladvöl barns hefst ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í vanskilum með dvalargjöld.

25.2 Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. SFS greiðir framlag vegna barns meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn

mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags.

26. gr.

Greiðsla framlags

26.1 Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð að því gefnu að leikskólinn uppfylli sínar samningsskyldur.

26.2 Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu eða á öðru formi, skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs, sem er lesanlegt í Völu. Þar skráir leikskólinn upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

26.3 Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu. eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði samningsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á reykjavik.is.

26.4 Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

26.5 Leikskólinn innheimtir sjálfur greiðslur frá foreldrum skv. gjaldskrá skólans og dregst sú upphæð frá í mánaðarlegu uppgjöri.

26.6 Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef SFS hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

26.7 Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna SFS um þau án tafar. Ekki er greitt fyrir þann mánuð sem sumarlokun stendur.

.]

26.8 Rekstrarafgang af starfsemi leikskólans sem rekja má til fjárveitinga SFS skal nýta til að efla leikskólastarfið. Í ársskýrslu leikskólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

26. gr.

Rekstrarframlag fyrir börn frá 12/18 mánaða til 6 ára

SFS greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma frá 12 mánaða aldri vegna barna á ungbarnadeild og 18 mánaða aldri vegna annarra barna og þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef skilyrði 26. gr. samningsins eru uppfyllt.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í leikskólum verkkaupa, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði leikskóla verkkaupa, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar leikskóla sem ekki er áætlaður á leikskóla verkkaupa og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heildagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heildagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heildagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heildagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

26. Gr.

Rekstrarframlag fyrir börn á aldrinum 9/12 mánaða til 36 mánaða

SFS greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma s frá 12 mánaða aldri vegna barna hjóna og sambúðarfólk og frá 9 mánaða aldri fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna, ef skilyrði 26. gr. Samningsins eru uppfyllt.^[1] Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heildagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heildagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heildagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heildagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

27. gr.

Útreikningur rekstrarframlags

Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í leikskólum verkkaupa.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá verkkaupa vegna leikskóla sbr. 8. gr. . Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

28. gr.

Útreikningur dvalargildis

Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í leikskólum verkkaupa.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá SFS vegna leikskóla sbr. 8. gr. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi [hér þarf að tiltaka hvernig framlag hækkar eða lækkar]. Rekstraraðila ber að veita verkkaupa upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Með fagmenntuðum starfsmönnum er átt við [skilgreina hvað átt er við]. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í [dagafjöldi] daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá leikskólum verkkaupa, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum [vísa í reglur viðkomandi sveitarfélags]. Hærra framlag er ekki greitt afturvirkkt og miðast við þann dag er gögnum er skilað til verkkaupa. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma.

Fjárhagsáætlun verkkaupa liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun verkkaupa hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi verkkaupa, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun verkkaupa eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. Mun verkkaupi upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum verkkaupa.

30. gr.

Húsnæðisframlag

SFS greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda sé leikskólinn í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði.

Framlag vegna húsnæðiskostnaðar tekur mið af fjölda reykvískra barna í skólanum, 8 fm. pr. barn og 3.300 kr. pr. fermetra sem uppfærast með með húsnæðislið vísitölu neysluverðs. Framlag vegna húsnæðiskostnaðar nemi þó að hámarki raunverulegum húsnæðiskostnaði skólans.

Ef leikskólinn er í húsnæði í eigu verkkaupa greiðir verkkaupi ekki húsnæðisframlag enda er leikskólinn leigulaust í húsnæði í eigu verkkaupa, en innri leiga húsnæðisins telst húsnæðisstyrkur.

31. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi

31.1 Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun verkkaupi lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur verið vegna sé hætt í leikskólanum. Rekstraraðili getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

VIII. Kafli

Gildistími, endurskoðun, uppsögn, vanefndir, viðurlög og þagnarskylda

32. gr.

Gildistími, endurskoðun og uppsögn samnings

Samningurinn gildir frá [dagsetning] til og með [dagsetning] og fellur þá úr gildi án þess að þörf sé á uppsögn.

Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir endurskoðun á ákvæðum hans.

Sex mánuðum áður en samningstími rennur út skal samningurinn endurskoðaður og tekin ákvörðun um hvort að hann skulu framlengdur og þá til hve langs tíma.

Ef gerðar eru breytingar á samningnum í kjölfar endurskoðunar eða hann framlengdur skal gerður um það sérstakur viðbótarsamningur.

Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara á samningstíma og miðast uppsagnarfrestur við mánaðamót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannarlegum hætti.

Gerður er fyrirvari af hálfu SFS um fjárhagslegar skuldbindingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi SFS skertur.

34. gr.

Vanefndir og viðurlög

Leikskólinn skal af eigin frumkvæði upplýsa verkaupa ef að rekstur félagsins stefnir í að ógna rekstarhæfi eða gjaldhæfi félagsins.

Ef verulegar vanefndir verða á einstökum ákvæðum samningsins hvað varðar starfsemi leikskólans að mati SFS og þær varða velferð barna í leikskólanum, skal hann gera rekstraraðila skriflega grein fyrir því og óska úrbóta innan sanngjarns tíma miðað við eðli máls. Rekstraraðili skal svo fljótt sem auðið er finna leiðir til úrbóta og framkvæma þær. Telji SFS úrbætur ófullnægjandi er honum heimilt að segja upp samningnum og fellur hann þá þegar úr gildi.

Ef fjárhagsstaða rekstraraðila stendur rekstrinum fyrir þrifum er SFS heimilt með 7 daga fyrirvara að óska tafarlausra úrbóta á fjárhagsstöðunni og ef ekki er orðið við því þá segja samningunum upp og fellur hann þá þegar úr gildi. Það skal vera sameiginlegt mat verkkaupa og endurskoðenda hans ef svo er talið. Upplýsingar úr ársreikningi rekstraraðila eða aðrar utanaðkomandi upplýsingar geta á hverjum tíma leitt til sérstakrar skoðunar á fjárhagsstöðu rekstraraðila.

Ef að rekstrarhæfi eða gjaldhæfi rekstraraðila er ábótavant að mati SFS og reksturinn stendur ekki undir nauðsynlegri fjármögnun félagsins getur Reykjavíkurborg sagt upp eða eftir atvikum rift þjónustusamningi við rekstraraðila eða ákveðið að gera ekki nýjan samning.

35. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

36. gr.

Þagnarskylda

Á starfsfólki leikskóla hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þagnarskylda starfsfólks leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal leikskólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum

37. gr.

Varnarþing

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir [viðkomandi héraðsdómi].

*Starfshópur um aðkomu Reykjavíkurborgar
að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum*

Viðaukar

Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag

Viðauki 3: Um reglur um leikskólalþjónustu

Viðauki 4: um reglur Reykjavíkurborgar um styrki